

Viðauki 12

Birtur með skýrslu
rannsóknarnefndar Alþingis

Ákvarðanir um sérstakt hæfi nefndarmanna og starfsmanna

Reykjavík 2010

Efnisyfirlit

Ákvarðanir um sérstakt hæfi nefndarmanna og starfsmanna	2
1. Ákvörðun um hæfi Sigríðar Benediktsdóttur (1) – 25. júní 2009.....	2
1.1. Erindi Jónasar Fr. Jónssonar	2
1.2. Málsmeðferð.....	3
1.3. Niðurstaða	4
2. Ákvörðun um hæfi Sigríðar Benediktsdóttur (2) – 10. apríl 2010.....	7
3. Ákvörðun um hæfi Sigríðar Benediktsdóttur (3) – 10. apríl 2010.....	8
4. Ákvörðun um hæfi Tryggva Gunnarssonar – 10. apríl 2010.....	9
4.1. Erindi Davíðs Oddssonar	9
4.2. Erindi Jónasar Fr. Jónssonar	13
4.3. Störf Írisar Bjarkar Hreinsdóttur hjá Fjármálaeftirlitinu	14
4.4. Niðurstaða	14
5. Ákvörðun um hæfi Guðrúnar Johnsen – 10. apríl 2010	17
5.1. Erindi Jónasar Fr. Jónssonar	17
5.2. Samskipti Guðrúnar Johnsen við Fjármálaeftirlitið á árunum 2005 og 2006.....	18
5.3. Niðurstaða	18
6. Ákvörðun um hæfi Vilhálms Árnasonar – 10. apríl 2010.....	20
6.1. Erindi Davíðs Oddssonar	20
6.2. Útskrift úr skýrslutöku Davíðs Oddssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 12. ágúst 2009	21
6.3. Niðurstaða	23

Ákvarðanir um sérstakt hæfi nefndarmanna og starfsmanna

1. Ákvörðun um hæfi Sigríðar Benediktsdóttur (1) – 25. júní 2009

Rannsóknarnefnd Alþingis afgreiddi á fundi sínum í dag, 25. júní 2009, erindi sem nefndinni barst 22. apríl sl. frá Jónasi Fr. Jónssyni, fyrrverandi forstjóra Fjármálaeftirlitsins, þar sem gerðar voru athugasemdir við hæfi eins nefndarmanna, Sigríðar Benediktsdóttur, vegna ummæla sem höfð voru eftir henni í Yale Daily News 31. mars sl. Rannsóknarnefndin hafði framsent erindið til forsætisnefndar Alþingis með bréfi, dags. 28. apríl sl., en forsætisnefndin sendi málið að nýju til nefndarinnar 8. júní sl. Ákvörðun rannsóknarnefndarinnar frá í dag er svohljóðandi:

Á fundi rannsóknarnefndar Alþingis 25. júní 2009 var tekið fyrir bréf Jónasar Fr. Jónssonar, fyrrverandi forstjóra Fjármálaeftirlitsins, sem barst nefndinni 22. apríl 2009, þar sem hann lýsti því viðhorfi sínu að ekki yrði betur séð en einn nefndarmanna, Sigríður Benediktsdóttir, hefði með ummælum sem höfð voru eftir henni í Yale Daily News hinn 31. mars 2009 „orðið vanhæf sem nefndarmaður í rannsóknarnefnd Alþingis“. Bréf Jónasar kemur nú til afgreiðslu hjá nefndinni í framhaldi af þeirri niðurstöðu á fundi forsætisnefndar Alþingis 8. júní 2009 um „að í ljósi eðlis og sjálfstæðis rannsóknarnefndarinnar sé það ekki hlutverk forsætisnefndar Alþingis að meta hæfi nefndarmanna í rannsóknarnefndinni og sendir því málið á ný til nefndarinnar“. Erindi Jónasar er tekið til afgreiðslu í nefndinni samkvæmt 3. gr. laga nr. 142/2008 og í samræmi við tilvísun þess ákvæðis til 3. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 viku sá nefndarmaður sem athugasemd um hæfi snýr að sæti við úrlausn um erindið. Aðrir nefndarmenn, Páll Hreinsson, formaður, og Tryggvi Gunnarsson, sitja því í nefndinni við afgreiðslu málsins og telja sig bæði hæfa og bæra til þess.

1.1. Erindi Jónasar Fr. Jónssonar

Í bréfi Jónasar Fr. Jónssonar, dags. 21. apríl 2009, sem hann afhenti formanni nefndarinnar daginn eftir, vísar hann til þess að í Viðskiptablaðinu hafi hinn 8. apríl 2009 verið fjallað um ummæli Sigríðar Benediktsdóttur í Yale Daily News 31. mars 2009 og síðan segir í bréfinu:

„Í ummælum Sigríðar koma fram ýmsar fullyrðingar sem lýsa huglægri afstöðu hennar til viðfangsefnis nefndarinnar. Ýmis ummæli í viðtalinu eru umhugsunarverð, en undirritaður staldraði sérstaklega við þýðingu á svari hennar við spurningunni um persónulega afstöðu til bankafallsins. Í svari sínu lýsir Sigríður því yfir að hún telji að fall bankanna sé m.a. afleiðing af „...glæfralegu andvaraleysi stofnana sem áttu að hafa eftirlit með starfsemi og áttu að tryggja fjármálastöðugleika í landinu“.

Jónas tekur einnig fram í bréfi sínu að í Viðskiptablaðinu hafi enska orðið „regulating“ verið þýtt sem eftirlit en ekki „reglusetning“ og það hafi ekki verið borið til baka. Í bréfi Jónasar segir síðan:

„Áðurgreind ummæli eru afdráttarlaus og bera með sér að Sigríður hafi þegar gert upp hug sinn til rannsóknarnefnisins. Hún hefur látið í ljós eindregna skoðun varðandi niðurstöður rannsóknarinnar hvað varðar tiltekna opinbera aðila. Það gerir hún áður en gagnasöfnun er lokið og áður en þeir sem hagsmuna eiga að gæta hafi átt þess kost að setja fram sjónarmið sín. Jafnframt er rétt að benda á að Sigríður hefur ekki getað tekið þátt í störfum nefndarinnar nema að takmörkuðu leyti vegna dvalar erlendis. Þessu til viðbótar eru viðhorf hennar á skjön við niðurstöður Kaarlo Jannari, sem var sérstaklega fenginn til að meta starfsemi eftirlitsaðila af Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Í ljósi framangreinds verður að telja að áður nefndar yfirlýsingar byggji ekki á staðreyndum, heldur séu skoðanir byggðar á tilfinningum, hugsanlega litaðar af ómálefnalegum fréttaflutningi fjölmiðla og viðhorfum ákveðinna stjórnmalamanna.

Með framangreindum yfirlýsingum verður að telja að nefndarmaðurinn hafi gert upp hug sinn til hluta rannsóknarefnisins og að hún hafi, til að vernda orðspor sitt og fræðimannsheiður, verulega hagsmuni af því að nefndin komist að sömu niðurstöðu og hún hefur áður látið í ljós. Þannig er hætt við því að hún muni meta gögn, röksemdir og huglæg matsatriði í ljósi fyrri afstöðu sinnar en ekki á hlutlægan, faglegan og sanngjarnan hátt. Af þeim sökum er ekki tryggt að málefnaleg sjónarmið verði lögð til grundvallar og réttaröryggi þeirra sem hagsmuni hafa af réttri niðurstöðu nefndarinnar sé ógnað.“

Jónas bendir á í bréfi sínu að af umfjöllun Viðskiptablaðsins 8. apríl megi ráða að blaðið telji að af ummælum Sigríðar sé ljóst hverjar niðurstöður rannsóknarnefndarinnar verði. Þá vísar hann til þess að ummælum Sigríðar hafi einnig verið gerð skil á einhverjum vefmiðlum, t.d. www.eyjan.is, og þannig fengið frekari útbreiðslu. Bréfi Jónasar lýkur með svohljóðandi kafla sem hann nefnir niðurstaða:

„Í ljósi þess sem hér hefur verið rakið verður ekki betur séð en að með ummælum sínum hafi Sigríður Benediktsdóttir orðið vanhæf sem nefndarmaður í rannsóknarnefnd Alþingis. Hún hefur tjáð sig beint og eindregið um ákveðna þætti þess skoðunarefnis sem fyrir nefndinni liggur. Þannig hefur hún þegar gert upp hug sinn og tjáð sig á þann hátt að ekki er hægt að treysta því að málefnaleg sjónarmið muni ráða endanlegri afstöðu hennar til skoðunarefnisins. Af þeim sökum geta þeir aðilar sem hagsmuna hafa að gæta ekki treyst því að með þátttöku hennar verði undirbúningur, meðferð og niðurstaða nefndarinnar byggð á hlutlægum, faglegum og sanngjörnum forsendum og réttaröryggi tryggt.“

1.2. Málsmeðferð

Eftir að erindi Jónasar hafði borist kynnti formaður nefndarinnar Sigríði Benediktsdóttur það samdægurs og síðar þann sama dag, 22. apríl 2009, ræddu nefndarmenn saman í síma en Sigríður var þá stödd í Bandaríkjunum. Rætt var um hugsanleg viðbrögð við erindinu í ljósi efnis þess. Í framhaldinu varð það niðurstaðan að formaður rannsóknarnefndarinnar sendi forsætisnefnd Alþingis svohljóðandi bréf hinn 28. apríl 2009:

„Með bréfi dags. 21. apríl 2009, gerði Jónas Fr. Jónsson, fyrrverandi forstjóri Fjármálaeftirlitsins, kröfu um að Sigríður Benediktsdóttir viki úr rannsóknarnefnd Alþingis vegna ummæla sem eftir henni voru höfð í Yale Daily News hinn 31. mars sl., en hluti þeirra var endurbirtur á Eyjunni sama dag og síðar í Viðskiptablaðinu, sbr. meðfylgjandi gögn.

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 142/2008 fer um sérstakt hæfi nefndarmanna eftir sömu reglum og fram koma í 3. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Ber nefndarmanni þannig að vika sæti að því marki sem hann tengist einstaklingi, stofnun eða einkafyrirtæki sem rannsókn nefndarinnar beinist að. Krafa um að nefndarmaður eigi að vika sæti í afmörkuðum þætti rannsóknarinnar heyrir undir úrskurð nefndarinnar sjálfrar eftir sömu reglu og fram kemur í 5. gr. stjórnsýslulaga. Þegar krafa Jónasar er virt er ljóst að hún beinist ekki að því að Sigríður eigi að vika sæti í afmörkuðum þætti rannsóknarinnar heldur að hún hafi orðið „vanhæf sem nefndarmaður í rannsóknarnefnd Alþingis“. Þar sem krafa Jónasar lýtur eðli máls samkvæmt að almennum starfsgengisskilyrðum hennar í nefndinni heyrir það undir þann sem skipunarvaldið hefur, þ.e. forsætisnefnd skv. 3. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 142/2008, að taka afstöðu til þess hvort ummæli Sigríðar eru þess eðlis að hún geti

ekki lengur átt sæti í nefndinni. Af þessum sökum er málið framsent forsætisnefnd Alþingis til afgreiðslu.“

Forsætisnefnd Alþingis afgreiddi hið framsenda erindi á fundi sínum 8. júní 2009 og þar kom fram að málið hefði verið tekið fyrir á tveimur fundum og rætt á milli funda. Í bréfi til rannsóknarnefndarinnar kom fram að niðurstaða forsætisnefndarinnar á fundi þá um daginn hefði verið að í ljósi eðlis og sjálfstæðis rannsóknarnefndarinnar væri það ekki hlutverk forsætisnefndar Alþingis að meta hæfi nefndarmanna í rannsóknarnefndinni og sendi því málið á ný til nefndarinnar. Tekið var fram að þessi niðurstaða væri einkum reist á mati dr. Ragnhildar Helgadóttur, prófessors, og Margrétar Völu Kristjánsdóttur, lektors, og var vísað til þess um rök fyrir þessari niðurstöðu.

1.3. Niðurstaða

Eins og lýst hefur verið hér að framan hefur Jónas Fr. Jónsson, fyrrverandi forstjóri Fjármálaeftirlitsins, skriflega í erindi til nefndarinnar gert athugasemdir við hæfi eins þriggja nefndarmanna í rannsóknarnefnd Alþingis sem starfar samkvæmt lögum nr. 142/2008. Beinast þessar athugasemdir að tilteknum ummælum sem höfð voru eftir nefndarmanninum, Sigríði Benediktsdóttur, í viðtali sem birtist í Yale Daily News hinn 31. mars 2009 en fyrirsögn viðtalsins var: Iceland seeks help of Yale professor. Yale Daily News er dagblað nemenda við Yale háskóla í Bandaríkjunum en Sigríður er starfsmaður við þann skóla og hafði svarað spurningum nemanda sem skrifaði viðtalið undir formerkjunum spurningar og svör. Efni blaðsins er aðgengilegt á vefnum.

Þau ummæli í viðtalinu sem Jónas telur í erindi sínu að leiði til þess að Sigríður hafi „orðið vanhæf sem nefndarmaður í rannsóknarnefnd Alþingis“ koma fram í svari Sigríðar við spurningu sem lögð er fyrir hana um hvað henni finnst persónulega um bankahrunið og hvort hún álitir að úr því muni leysast í fyrirsjáanlegri framtíð. Svar hennar við spurningunni í heild eins og það birtist í blaðinu hljóðar svo:

„I am disheartened by this failure; I feel it is a result of extreme greed on the part of many and reckless complacency by the institutions that were in charge of regulating the industry and in charge of ensuring financial stability in the country. Iceland will end up with a huge foreign debt as a result, which may not be the worst of it, since our reputation is completely tattered. This will take future generations some time to work through. We do, however, have a lot of natural resources and are a very highly educated, resilient population.“

Með tilliti til þess að einstakir hlutar ofangreinds svars hafa í frásögnum fjölmiðla hér á landi verið þýddir með mismunandi hætti og Sigríður Benediktsdóttir hefur meðal annars í bréfi til forsætisnefndar Alþingis, dags. 18. maí 2009, gert athugasemdir við að t.d. þýðing sem birtist í Viðskiptablaðinu 8. apríl og Jónas vitnar til í erindi sínu hafi þrengt merkingu umræddrar setningar nokkuð hefur löggiltur skjalapýðandi úr ensku látið í té svohljóðandi þýðingu á ofangreindu svari:

„Ég er miður mín yfir þessu hruni. Mér finnst það vera afleiðing öfgakenndrar græðgi af hálfu margra og glæfralegs andvaraleysis þeirra stofnana sem báru ábyrgð á því að hafa eftirlit með starfsgreininni og báru ábyrgð á að tryggja fjármálalegan stöðugleika í landinu. Ísland mun sitja uppi með gríðarlegar erlendar skuldir sem er þó kannski ekki það versta því orðspor okkar er algjörlega í tætlum. Kynslóðir framtíðar þurfa nokkurn tíma til að vinna úr þessu. Við eigum þó miklar náttúruauðlindir og þjóðin er vel menntuð og þrautseig.“

Sá hluti ofangreinds svars sem Jónas Fr. Jónssonar vísar sérstaklega til í bréfi sínu hljóðar svo í þeim texta sem birtist í Yale Daily News „...and reckless complacency by the institutions that were in

charge of regulating the industry and in charge of ensuring financial stability in the country“. Jónas segir í bréfi sínu að í svari sínu lýsi Sigríður því yfir að hún telji að fall bankanna sé m.a. afleiðing af „... glæfralegu andvaraleysi stofnana sem áttu að hafa eftirlit með starfseminni og áttu að tryggja fjármálastöðugleika í landinu“ og byggir þar á þýðingu þessara sömu orða og fram kom í Viðskiptablaðinu 8. apríl 2009. Tekið skal fram að í frásögn á Eyjunni.is sem birtist 31. mars 2009 kl. 16:10 er það svar sem tekið var upp í heild hér að framan þýtt þannig:

„Mér finnst þetta vera afleiðing græðgi hjá mörgum og vítavert gáleysi af hálfu þeirra stofnana sem höfðu með höndum eftirlit með kerfinu og áttu að tryggja fjárhagslegan stöðugleika landsins. Ísland situr eftir með risavaxnar erlendar skuldir, sem er þó ekki endilega það versta, þar sem orðspor okkar er algjörlega í tætlum. Það mun taka komandi kynslóðir nokkurn tíma að sjá fram úr því. Við eigum hins vegar mikið af náttúruauðlindum og erum vel menntuð, úrræðagóð þjóð“.

Eins og framangreindar þýðingar eða yfirfærsla hins enska texta yfir á íslensku bera með sér er ekki að öllu leyti einhlítt hvaða merkingu þeir sem um véla leggja í einstök orð og orðalag sem fram kom í því svari Sigríðar sem hér er fjallað um. Slíkur munur kann vitanlega að hafa áhrif t.d. um það hvernig fjölmiðlar fjalla um mál og hvernig þeir sem telja sig hafa hagsmuna að gæta bregðast við. Erindi Jónasar Fr. Jónssonar var lýst í kafla 1.1 hér að framan og þar kemur fram er það afstaða hans að Sigríður hafi með framangreindum ummælum sínum í viðtalinu í Yale Daily News þegar gert upp hug sinn til rannsóknarefnis rannsóknarnefndarinnar og í ljósi þess verði ekki betur séð en með ummælum sínum hafi Sigríður orðið „vanhæf sem nefndarmaður í rannsóknarnefnd Alþingis“. Í erindi Jónasar er ekki sérstaklega vísað til þess að umrædd ummæli Sigríðar lúti að honum persónulega, störfum hans, stofnun eða einkaaðila sem hann tengist eða hefur tengst.

Kröfur um hæfi þeirra sem sinna störfum og verkefnum í þágu hins opinbera lúta annars vegar að því sem nefnd eru neikvæð almenn hæfisskilyrði og hins vegar kröfum um sérstakt hæfi til meðferðar tiltekins máls. Með almennum neikvæðum hæfisskilyrðum er reynt að stuðla að því að fyrirfram sé minni hætta á að sá sem sinnir starfi eða verkefni á vegum hins opinbera sé í slíkum tengslum við þau úrlausnarefni sem viðkomandi kann að þurfa að takast á við í starfi sínu að draga megi í efa óhlutdrægni hans við meðferð þeirra. Að því marki sem ekki er mælt fyrir um hin almennu neikvæðu hæfisskilyrði í lögum um viðkomandi starf eða t.d. nefnd kemur það í hlut þess sem skipar, ræður eða kys í viðkomandi starf að taka afstöðu til þess hvaða kröfur er talið rétt að gera að þessu leyti með það í huga að ná því markmiði sem að er stefnt með viðkomandi starfi. Þar geta t.d. komið til attriði eins og hvaða afskipti viðkomandi hefur áður haft af sambærilegum málum eða viðkomandi máli og hvort hann hafi þegar tjáð afgerandi afstöðu sína til viðfangsefnis starfsins í heild eða um veigamikla þætti þess. Það getur líka verið meðvituð afstaða þess sem skipar einstaklinga til verka í þágu hins opinbera, t.d. til setu í nefnd, að ákveðin og kunn afstaða hlutaðeigandi til þess viðfangsefnis sem honum er ætlað að fjalla um eigi ekki að leiða til þess að hann sé alfarið útilokaður frá því að sinna starfinu, þótt það fari síðan eftir hinum þrengri mælikvarða reglna um sérstakt vanhæfi hvort viðkomandi þurfi að víkja vegna hluta þess viðfangsefnis sem honum er falið að fjalla um. Samkvæmt hefðbundnum og viðurkenndum sjónarmiðum í norrænum rétti um úrlausn mála um hæfi einstaklinga til að sinna starfi og verkefnum í þágu hins opinbera heyrir það með sama hætti og við skipun, kjör eða ráðningu í starf undir þann aðila sem að lögum felur viðkomandi starfið að leysa úr því hvort neikvæð almenn hæfisskilyrði séu uppfyllt eftir að starfið er hafið og þá m.a. í tilefni af athugasemdum eða kröfum sem fram koma af því tilefni.

Sá nefndarmaður sem fyrirbyggjandi athugasemdir um hæfi beinast að var skipaður í nefndina af forsætisnefnd Alþingis samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 142/2008 en þar segir að viðkomandi

skuli vera hagfræðingur, löggiltur endurskoðandi eða háskólamenntaður sérfræðingur sem hefur víðtæka þekkingu á efnahagsmálum og/eða starfsemi fjármálamarkaða. Frekari ákvæði eru ekki í lögnum um hvaða neikvæð almenn hæfisskilyrði viðkomandi einstaklingur þarf að uppfylla. Í því erindi sem rannsóknarnefndinni barst frá Jónasi Fr. Jónssyni, fyrrverandi forstjóra Fjármálaeftirlitsins, 22. apríl 2009, taldi bréfitari að ekki yrði betur séð en með ummælum í Yale Daily News 31. mars 2009 hefði Sigríður Benediktsdóttir „orðið vanhæf sem nefndarmaður í rannsóknarnefnd Alþingis“. Í bréfinu voru ekki settar fram kröfur um að hún viki sæti í afmörkuðum þætti rannsóknarinnar eða vegna mála þar sem bréfitari eða sú stofnun sem hann stýrði áður kæmi við sögu. Það var því afstaða rannsóknarnefndarinnar eins og fram kom í bréfi hennar til forsætisnefndar Alþingis, dags. 28. apríl 2009, að athugasemdir Jónasar lytu eðli máls samkvæmt að almennum starfsgengisskilyrðum Sigríðar í nefndinni og þar með heyrði það undir þann sem fer með skipunarvaldið, þ.e. forsætisnefnd Alþingis, að taka afstöðu til þess hvort ummæli Sigríðar séu þess eðlis að geti hún ekki lengur átt sæti í nefndinni. Af þessum sökum var málið framsent forsætisnefnd Alþingis. Forsætisnefnd ákvað eins og áður er fram komið á fundi sínum 8. júní 2009 að senda málið á ný til rannsóknarnefndarinnar.

Rannsóknarnefnd Alþingis sem stofnað var til með lögum nr. 142/2008 starfar á vegum Alþingis og er því ekki hluti af þeirri stjórnslu ríkisins sem fellur undir gildissvið stjórnslulaga nr. 37/1993 eins og það er afmarkað í 1. gr. þeirra laga. Í 3. gr. laga nr. 142/2008 er sett sú regla að um sérstakt hæfi nefndarmanna fari eftir sömu reglum og fram koma í 3. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 og tekið er fram að nefndarmanni beri að víkja sæti að því marki sem hann tengist einstaklingi, stofnun eða einkafyrirtæki sem rannsókn nefndarinnar beinist að. Verður þannig í samræmi við orðalag lokamálsliðar 1. mgr. 3. gr. laga nr. 142/2008 að líta svo á að úrlausn um sérstakt hæfi nefndarmanns í rannsóknarnefnd Alþingis beinist að því hvort honum beri að víkja sæti við einstaka afmarkaða þætti í rannsókn nefndarinnar og þá að því marki sem tiltekinn þáttur varðar ákveðinn eða ákveðna einstaklinga, stofnun eða einkafyrirtæki, sem rannsókn nefndarinnar beinist að. Valdheimildir nefndarinnar standa hins vegar ekki til þess að hún taki afstöðu til athugasemda um að nefndarmaður viki alfarið úr nefndinni þar sem hann uppfylli ekki lengur hin almennu hæfisskilyrði til setu í nefndinni.

Þau ummæli Sigríðar sem til er vísað í athugasemdum Jónasar Fr. Jónssonar komu fram í svari hennar við spurningu sem borin var fram af hálfu skólablaðs nemenda þess háskóla í Bandaríkjunum sem Sigríður starfar við sem kennari í hagfræði. Spurningin laut að því hvað henni fyndist persónulega um bankahrundið. Það sem haft er eftir Sigríði í hinu birta svari og rakið hefur verið hér að framan lýtur almennt að viðhorfi hennar til þess hverjar hafi verið ástæður bankahrunsins. Með tilliti til reglna 3. gr. stjórnslulaga um sérstakt hæfi þarf að taka afstöðu til þess hvort fyrir hendi séu, eins og segir í 6. tölul. 1. mgr. þess ákvæðis, „þær aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni [nefndarmannsins] í efa með réttu“.

Til þess að um vanhæfi sé að ræða á grundvelli reglna um sérstakt hæfi innan stjórnslunnar þurfa að liggja fyrir einhverjar sannanlegar hlutlægar ástæður sem almennt eru taldar til þess fallnar að draga megi með réttu í efa óhlutdrægni þess sem í hlut á og þá við úrlausn eða umfjöllun um mál tiltekins einstaklings, einkaaðila eða stofnunar. Almennt er talið að töluvert þurfi til að koma svo starfsmenn og nefndarmenn, sem 3. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 gildir um, verði vanhæfir vegna ummæla sinna um mál. Á það helst við þar sem starfsmaður hefur með skýrum og afdráttarlausum hætti tekið opinbera afstöðu til úrlausnarefni máls þar sem skorið skal úr ágreiningi tveggja eða fleiri aðila með ólíka hagsmuni.

Ummæli Sigríðar lúta að stofnunum, eins og segir í texta viðtalsins, sem báru ábyrgð á því að hafa eftirlit með starfsgreininni og báru ábyrgð á að tryggja fjármálalegan stöðugleika í landinu. Þótt hluti ummællanna feli í sér huglægt mat eru þau almenns eðlis. Þar er ekki skírskotað til nafngreindra einstaklinga eða tilgreindra stofnana eða einkafyrirtækja, eins og áskilið er samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 142/2008 og þeim almennu lagasjónarmiðum við mat á sérstöku hæfi nefndarmanns, sem að framan eru rakin. Þegar litið er til þessa, efnis erindis Jónasar Fr. Jónssonar og það virt hversu almenn hin tilvitnuðu ummæli Sigríðar Benediktsdóttur eru, verður ekki talið að hún hafi gert sig vanhæfa til að fara með afmarkaða þætti í rannsókn nefndarinnar á grundvelli reglna um sérstakt hæfi eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni.

Reykjavík, 25. júní 2009

Páll Hreinsson

Tryggvi Gunnarsson

2. Ákvörðun um hæfi Sigríðar Benediktsdóttur (2) – 10. apríl 2010

Rannsóknarnefnd Alþingis afgreiddi á fundi sínum í dag, 10. apríl 2010, erindi sem nefndinni barst 26. febrúar 2010 frá Jónasi Fr. Jónssyni, fyrrverandi forstjóra Fjármálaeftirlitsins, þar sem gerðar voru athugasemdir við hæfi eins nefndarmanna, Sigríðar Benediktsdóttur, vegna ummæla sem höfð voru eftir henni í Yale Daily News 31. mars 2009.

Erindi Jónasar Fr. Jónssonar er tekið til afgreiðslu í nefndinni samkvæmt 3. gr. laga nr. 142/2008 og í samræmi við tilvísun þess ákvæðis til 3. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 viku sá nefndarmaður sem athugasemd um hæfi snýr að sæti við úrlausn um erindið. Aðrir nefndarmenn, Páll Hreinsson, formaður, og Tryggvi Gunnarsson, sitja því í nefndinni við afgreiðslu málsins og telja sig bæði hæfa og bæra til þess.

Rannsóknarnefnd Alþingis hefur þegar fjallað um þessar málsástæður í ákvörðun sinni frá 25. júní 2009 í tilefni af erindi sama efnis sem nefndinni barst frá Jónasi Fr. Jónssyni 22. apríl 2009.

Í bréfi Jónasar Fr. Jónssonar frá 26. febrúar 2010 koma ekki fram nýjar upplýsingar um málsatvik. Í bréfi Jónasar vísar hann til dóms Hæstaréttar frá 1. desember 2009 í máli nr. 622/2009. Í því máli var deilt um lögmati stjórnvaldsákvörðunar um skipun í starf héraðsdómara. Dómarinn, sem fór með málið, taldi ástæðu til að víkja sæti þar sem hann hafði veitt viðtal við fjölmiðil og „með viðtalinu tók dómari þátt í opinberri umfjöllun um hina umdeildu dómarskipan“ eins og segir í úrskurði héraðsdómara. Hæstiréttur taldi ekki ástæðu til að hnekkja þessu mati héraðsdómarans. Í máli þessu var deilt um tiltekna stjórnvaldsákvörðun sem dómarinn hafði tjáð sig um. Um hæfi dómars gilda 70. gr. stjórnarskrárinnar, 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu og 5. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Bæði reyndi því á aðrar réttarheimildir í málinu og atvik voru með öðrum og ósambærilegum hætti en í máli Sigríðar Benediktsdóttur. Ummæli Sigríðar lutu ekki að tilgreindri stjórnvaldsákvörðun í ákveðnu stjórnarsýslumáli eða nafngreindum einstaklingum eða tilgreindum stofnunum heldur voru þau almennari en svo að efni til og um hæfi hennar fór eftir 3. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 samkvæmt fyrirætlum 1. mgr. 3. gr. laga nr. 142/2008 en ekki hæfisreglum dómara.

Í málinu eru hvorki komnar fram nýjar upplýsingar um málsatvik eða lagarök sem gefa rannsóknarnefnd tilefni til þess að breyta afstöðu sinni frá því sem fram kemur í úrskurði hennar frá 25. júní 2009. Verður því ekki talið að Sigríður Benediktsdóttir hafi gert sig vanhæfa til að fara með

afmarkaða þætti í rannsókn nefndarinnar á grundvelli reglna um sérstakt hæfi eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni.

Reykjavík, 10. apríl 2010

Páll Hreinsson

Tryggvi Gunnarsson

3. Ákvörðun um hæfi Sigríðar Benediktsdóttur (3) – 10. apríl 2010

Rannsóknarnefnd Alþingis afgreiddi á fundi sínum í dag, 10. apríl 2010, erindi sem nefndinni barst 24. febrúar 2010 frá Davíð Oddssyni, fyrrverandi formanni stjórnar Seðlabanka Íslands, þar sem gerðar voru athugasemdir við hæfi eins nefndarmanna, Sigríðar Benediktsdóttur, vegna ummæla sem höfð voru eftir henni í Yale Daily News 31. mars 2009.

Erindi Davíðs Oddssonar er tekið til afgreiðslu í nefndinni samkvæmt 3. gr. laga nr. 142/2008 og í samræmi við tilvísun þess ákvæðis til 3. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 viku sá nefndarmaður sem athugasemd um hæfi snýr að sæti við úrlausn um erindið. Aðrir nefndarmenn, Páll Hreinsson, formaður, og Tryggvi Gunnarsson, sitja því í nefndinni við afgreiðslu málsins og telja sig bæði hæfa og bæra til þess.

Rannsóknarnefnd Alþingis hefur þegar fjallað um atvik og málsástæður í ákvörðun sinni frá 25. júní 2009 í tilefni af erindi sama efnis sem nefndinni barst frá Jónasi Fr. Jónssyni 22. apríl 2009.

Í bréfi Davíðs Oddssonar 24. febrúar 2010 koma ekki fram neinar nýjar upplýsingar um málsatvik umfram það sem þegar hefur verið fjallað um í fyrrnefndri ákvörðun nefndarinnar frá 25. júní 2009.

Í bréfi Davíðs vísar hann til dóms Hæstaréttar frá 1. desember 2009 í máli nr. 622/2009. Í því máli var deilt um lögmati stjórnvaldsákvörðunar um skipun í starf héraðsdómara. Dómarinn, sem fór með málið, taldi ástæðu til að víkja sæti þar sem hann hafði veitt viðtal við fjölmiðil og „með viðtalinu tók dómari þátt í opinberri umfjöllun um hina umdeildu dómarskipan“ eins og segir í úrskurði héraðsdómara. Hæstiréttur taldi ekki ástæðu til að hnekkja þessu mati héraðsdómarans. Í máli þessu var deilt um tiltekna stjórnvaldsákvörðun sem dómarinn hafði tjáð sig um. Um hæfi dómarans gilda 70. gr. stjórnarskrárinnar, 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu og 5. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Bæði reyndi því á aðrar réttarheimildir í málinu og atvik voru með öðrum og ósambærilegum hætti en í máli Sigríðar Benediktsdóttur. Ummæli Sigríðar lutu ekki að tilgreindri stjórnvaldsákvörðun í ákveðnu stjórnarsýslumáli eða nafngreindum einstaklingum eða tilgreindum stofnunum heldur voru þau almennari en svo að efni til og um hæfi hennar fór eftir 3. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 samkvæmt fyrirmælum 1. mgr. 3. gr. laga nr. 142/2008 en ekki hæfisreglum dómara.

Í málinu eru hvorki komnar fram nýjar upplýsingar um málsatvik eða lagarök sem gefa rannsóknarnefnd tilefni til þess að breyta afstöðu sinni frá því sem fram kemur í úrskurði hennar frá 25. júní 2009. Verður því ekki talið að Sigríður Benediktsdóttir hafi gert sig vanhæfa til að fara með afmarkaða þætti í rannsókn nefndarinnar á grundvelli reglna um sérstakt hæfi eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni.

Reykjavík, 10. apríl 2010

Páll Hreinsson

Tryggvi Gunnarsson

4. Ákvörðun um hæfi Tryggva Gunnarssonar – 10. apríl 2010

Á fundi rannsóknarnefndar Alþingis 10. apríl 2010 er tekið fyrir bréf Davíðs Oddssonar, fyrrverandi formanns stjórnar Seðlabanka Íslands, sem barst nefndinni 24. febrúar 2010 og bréf Jónasar Fr. Jónssonar, fyrrverandi forstjóra Fjármálaeftirlitsins, frá sama degi. Í bréfunum er því haldið fram að Tryggvi Gunnarsson hafi verið vanhæfur til þess að koma að rannsókn á Fjármálaeftirlitinu þar sem Íris Björk Hreinsdóttir, sambýliskona sonar Tryggva, hafi starfað hjá Fjármálaeftirlitinu.

Erindi Davíðs og Jónasar er tekið til afgreiðslu í nefndinni samkvæmt 3. gr. laga nr. 142/2008. Í samræmi við tilvísun þess ákvæðis til 3. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 viku sá nefndarmaður sem athugasemd um hæfi snýr að sæti við úrlausn um erindið. Aðrir nefndarmenn, Páll Hreinsson, formaður, og Sigríður Benediktsdóttir, sitja því í nefndinni við afgreiðslu málsins og telja sig bæði hæf og bær til þess.

4.1. Erindi Davíðs Oddssonar

Í bréfi Davíðs Oddssonar frá 24. febrúar 2010 segir m.a svo:

„Þá hefur verið vakin athygli á því, að tengdadóttir annars nefndarmanns, Tryggva Gunnarssonar umboðsmanns Alþingis, hafi bæði fyrir og eftir bankaþrot starfað sem lögfræðingur í Fjármálaeftirlitinu. Mér er sagt að umræddur starfsmaður hafi þar verið lykilstarfsmaður og allt í öllu á mörgum sviðum. Er óhjákvæmilegt að líta svo á að nefndarmaðurinn verði við þessar aðstæður vanhæfur til að taka þátt í rannsókn á málefnum Fjármálaeftirlitsins og þá einnig annarra stofnana, því vitaskuld hljóta nefndarmenn oft að standa frammi fyrir því álitamáli hvort einstök málefni hafi fremur verið á verksviði Fjármálaeftirlitsins en annarra stofnana. Er útilokað að líta svo á að vanhæfi nefndarmannsins takmarkist við þau mál þar sem umrætt venslamenni nefndarmannsins kemur við sögu undir eigin nafni, enda blasir við að lögfræðingar eftirlitsins starfa að fjölda mála sem svo eru afgreidd í nafni æðstu yfirstjórnar, auk þess sem umræddur starfsmaður mun hafa starfað afar náið með æðstu stjórn embættisins. Fer ekki hjá því að slíkir starfsmenn hafi af því hagsmuni hvernig fjallað verður um hlut þess embættis er þeir störfuðu hjá, þó að þeir hafi ekki farið með æðstu stjórn þess. Þá má með gildum rökum halda því fram, að komist opinber nefnd að því að Fjármálaeftirlitið hafi ekki sinnt skyldum sínum á tilteknum sviðum, og það hafi haft afdrifaríkar afleiðingar við þá atburðarás að bankakerfið hrundi, hvorki meira né minna, þá sé það álitshnekkir ekki aðeins fyrir æðstu stjórn þess heldur einnig lögfræðinga stofnunarinnar, ekki síst ef fyrir liggur að þeir hafi verið lykilstarfsmenn og unnið náið með yfirstjórninni. Hafi hlutaðeigandi lögfræðingur jafnframt verið um tíma upplýsingafulltrúi Fjármálaeftirlitsins, sem leiðir til þess að mjög margir tengja hann enn fremur við stofnunina, þyngjast sjónarmiðin enn. Við hvern áfellsdóm sem kveðinn verður upp yfir Fjármálaeftirlitinu, verður minna virði í augum annarra sú starfsreynsla sem lögfræðingar þar hafa öðlast á þeim tíma sem til rannsóknar er. Má orða það svo, að hver áfellsdómur yfir Fjármálaeftirlitinu gengisfelli ferilskrá þeirra lögfræðinga sem þar hafa starfað á þeim tíma sem til rannsóknar er, eins þó að endanlegar ákvarðanir séu undirritaðar á ábyrgð annarra. Lögfræðingar Fjármálaeftirlitsins hafa þannig hagsmuni af niðurstöðum nefndarinnar og þar með þeir nefndarmenn sem kunna að tengjast þeim. Þá verður ekki komist hjá því að álykta sem svo, að hafi náið venslamenni nefndarmanns starfað innan Fjármálaeftirlitsins, og hvað þá ef það hefur verið lykilstarfsmaður og náið yfirstjórninni, þá sé sú aðstaða til þess fallin að hafa almenn áhrif á viðhorf nefndarmannsins til Fjármálaeftirlitsins og eftir atvikum til annarra stofnana á sama sviði.

Við blasir, að starfsmenn bæði Fjármálaeftirlitsins og annarra embætta hafa við þessar aðstæður góða og gilda ástæðu til að efast um hlutleysi umrædds nefndarmanns og ættu flestir að sjá að góðir stjórnsýsluhættir veita nefndarmanninum nú aðeins einn kost. Þegar horft er til þeirrar staðreyndar, að umræddur nefndarmaður hefur á liðnum árum verið einn eindregnasti baráttumaður góðra stjórnsýsluhátta og réttinda hvers borgara til að fá mál sín metin af aðila, sem bæði er óhlutdrægur og ber eindregið með sér að vera hlutlaus – en því sjónarmiði er gjarnan lýst á öðru máli með orðunum „justice must not only be done, but must be seen to be done“ – verður niðurstaðan svo augljós að því verður ekki trúað að hin grandvara nefnd hafi ætlað sér að efna til þrætu um hana.

Þá er ljóst, að hafi komið til þess að umræddur nefndarmaður hafi við vinnu nefndarinnar vikið sæti vegna þessara tengsla sinna, felst í því yfirlýsing um að umræddur starfsmaður Fjármálaeftirlitsins, sem ég hef, eins og áður sagði, upplýsingar um að hafi þar verið lykilstarfsmaður, tengist rannsóknarefninu svo mjög, að minnsta kosti að hluta, að starfsmaðurinn kunni að hafa af því hagsmuni að niðurstöður nefndarinnar verði á þann veg, að hluti eða heild af þeirri ábyrgð, sem ella kynni að vera felld á starfsmanninn sjálfan, samstarfsmenn hans eða með almennum hætti þá stofnun er starfsmaðurinn starfaði hjá, verði felld á aðra stofnun eða annað fólk. Ljóst er að mikilvægur hluti af verkefni nefndarinnar er að afmarka hvaða hlutverk hver og ein stofnun hafði með höndum. Hafa starfsmenn einnar stofnunar, til dæmis Fjármálaeftirlitsins, þannig hagsmuni af því að verkefni, sem nefndin kann að telja að ekki hafi verið rækt sem skyldi, verði talið hafa verið á verksviði annarrar stofnunar. Sé einn nefndarmaður vanhæfur til þess að koma að vinnu nefndarinnar vegna málefna einnar stofnunar, hvort sem er að hluta þeirra málefna eða allra, er sá nefndarmaður þar með vanhæfur til að koma að vinnu vegna annarra stofnana á svipuðu sviði. Tengist nefndarmaðurinn einni stofnun eða einstökum starfsmönnum hennar, hafa starfsmenn annarra stofnana þá þegar skýra ástæðu til að vefengja hlutlægni nefndarmannsins og hafa góða og gilda ástæðu til að fara fram á að nefndarmaðurinn taki engan þátt í rannsókn á málefnum sinnar stofnunar og alls ekki að afmörkun hlutverks þeirrar stofnunar gagnvart þeirri stofnun þar sem venslamenni hans var lykilstarfsmaður. Verður að telja, að við úrlausn þeirra álitamála sem vakna, þegar nefnd er gerð út til að leita uppi mistök og vanrækslu innan opinberra stofnana á því sviði sem hér er til meðferðar, hafi þær stofnanir og það fólk sem þar kemur við sögu, hagsmuni af úrlausn allra álitamála á því sviði. Er enda alkunna í stjórnsýslurétti að verði starfsmaður vanhæfur í einu máli sé hann jafnframt iðulega vanhæfur í öðrum málum samrættum.¹

Í þessu sambandi má auk þess, sem hér hefur verið rakið og blasir við, nefna að í stjórnsýslurétti hefur verið litið svo á, að gerðar séu strangari hæfiskröfur þegar tveir eða fleiri aðilar séu að máli, í samkeppni um takmörkuð gæði, eins og það er orðað í fræðunum.² Eiga þessi sjónarmið við hér, að breyttu breytanda, þar sem opinber nefnd hyggst meta hvaða stofnun eða hvaða aðilar hafi átt að sinna hvaða verkefni, og hvernig þeim hafi farist það úr hendi.

Ég vænti upplýsinga nefndarinnar um hvort við störf hennar hafi komið til þess að nefndarmaðurinn hafi vikið sæti vegna einhverra þeirra málefna sem tengjast umræddum vinnustað tengdadóttur hans og hver þau þá eru.

Vænti ég raunar staðfestingar þess af hálfu nefndarinnar að umræddur nefndarmaður hafi á engan hátt komið að álitni nefndarinnar á framgöngu starfsmanna Fjármálaeftirlitsins eða annarra stofnana á svipuðu sviði. Af öðrum ástæðum vænti ég þess að nefndarmaðurinn hafi hvort eð er ekki komið að því að gefa álit á mínum störfum.

¹ Páll Hreinsson, *Hæfisreglur stjórnsýslulaga*, bls. 800.

² Páll Hreinsson, *Hæfisreglur stjórnsýslulaga*, bls. 492.

Viðurkennt er í íslenskum rétti að við mat á því hvaða hæfisreglur skuli gera til starfsmanna á stjórnarsýslustigi þá hafi tegund og staða stjórnvaldsins í stjórnarsýslukerfinu þýðingu við þá afmörkun. „Þannig hefur verið lagt til grundvallar að gerðar séu strangastar hæfiskröfur til starfsmanna þeirra stjórnvalda sem líkjast hvað mest dómstólum að skipulagi og starfsháttum.“³ Þá hefur lengi verið viðurkennt að réttmætt og eðlilegt sé að hæfisskilyrði séu strangari þegar um matskenndar ákvarðanir sé að ræða. Segir á góðum stað að þetta sjónarmið sé í fullu gildi enda séu hæfisreglurnar „brjóstvörn hinna almennu efnisreglna“.⁴ Þá þykir jafnan eðlilegt að gera því ríkari hæfiskröfur sem hagsmunirnir, sem fjallað er um, eru meiri.⁵ Í íslenskum stjórnarsýslurétti hefur einnig þótt óhætt að „slá því föstu“, að sé í lögum mælt fyrir um að stjórnvald sé sjálfstætt eða óháð, þá kalli það á strangari hæfisreglur starfsmanna þeirra en annarra stjórnvalda.⁶

Hér er ekki á ferð hefðbundin stjórnarsýslunefnd að fjalla um hefðbundið úrlausnarefni á stjórnarsýslustigi sem aðilar geta svo leitað endurskoðunar á fyrir dómi. Nefndin er sérstök rannsóknarnefnd, sett á fót í ofboði eftir þrot viðskiptabankanna þriggja, og nefndarmönnum sérstaklega uppálagt að finna nú sök einstaklinga í opinberum störfum á þessu þroti einkafyrirtækjanna. Nefndinni eru færðar einstakar lagaheimildir og staða hennar er einstök. Samkvæmt 4. mgr. 2. gr. laga nr. 142/2008 er nefndin algerlega sjálfstæð í störfum sínum og þarf ekki að fara að nokkrum fyrir mælum. Í greininni er sérstaklega tekið fram að fyrir mæli frá Alþingi séu ekki undanskilin. Nefndin getur sjálf ráðið sér starfsmenn og er sérstaklega tekið fram í 2. mgr. 4. gr. laganna að við það þurfi nefndin ekki að fylgja 7. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Nefndinni er samkvæmt 4. mgr. 4. gr. laga um nefndina heimilað að birta opinberlega upplýsingar, sem í raun eru háðar þagnarskyldu, „ef nefndin telur það nauðsynlegt“. Samkvæmt 5. gr. laga um nefndina tekur hún sjálf ákvörðun um hvernig haga skuli nefndarstarfinu og þar á meðal um afmörkun rannsóknarefnisins. Nefndinni er heimilt að gera leit, eftir atvikum með aðstoð lögreglu, í hvaða húsum sem er, og skal um leit og hald fara eftir ákvæðum laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um nefndina er sérhverjum, jafnt einstaklingum, stofnunum og lögaðilum, skylt að verða við kröfum nefndarinnar um að láta í té upplýsingar, gögn og skýringar sem hún fer fram á. Er tekið fram, að þar sé meðal annars átt við skýrslur, skrár, minnisblöð, bókanir, samninga og önnur gögn sem nefndin vill fá. Virðast því engin takmörk sett hvað nefndinni er heimilað að heimta af bæði borgurum og lögaðilum í landinu. Þá er tekið fram í 3. mgr. 6. gr. laganna að skylt sé að veita allar upplýsingar þótt þær séu háðar reglum um þagnarskyldu og er tekið fram að engu máli skipti þó þær varði „öryggi ríkisins“, fundargerðir ríkisstjórnar eða heyrir undir sérstakar reglur um utanríkismál. Allt vikur, ef nefndarmenn fara fram á afhendingu. Nefndinni er heimilt að kalla hvern einasta borgara fyrir sig og er honum þá skylt að mæta. Þá varðar það allt að tveggja ára fangelsi að neita að veita nefndinni upplýsingar eða veita henni rangar. Athyglisvert er einnig að 2. mgr. 11. gr. laga um nefndina hefur að geyma undantekningarákvæði, sambærilegt við ákvæði 118. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, en það ákvæði er í XVIII. kafla síðarnefndra laga, sem fjallar um réttindi og skyldur vitnis fyrir dómi. Þá telja nefndarmenn sig augljóslega hafa fengið heimild til þess að leggja sjálfir eigið mat á fyrra frjálst mat stjórnvalda á þeim aðstæðum sem uppi hafa verið hverju sinni, umfram það sem lýtur að ólögætum eða ómálefnalegum sjónarmiðum, og telja sig þannig hafa ríkari heimild en dómstóll hefði.

Ekki er allt búið enn. Í 19. gr. laga nr. 142/2008 er þeim borgurum, sem telja nefndarmenn hafa brotið gegn rétti sínum, bannað að leita réttar síns gagnvart þeim í einkamáli og einnig eru þeir

³ Páll Hreinsson, *Hæfisreglur stjórnarsýslulaga*, bls. 493.

⁴ Páll Hreinsson, *Hæfisreglur stjórnarsýslulaga*, bls. 491.

⁵ Páll Hreinsson, *Hæfisreglur stjórnarsýslulaga*, bls. 491.

⁶ Páll Hreinsson, *Hæfisreglur stjórnarsýslulaga*, bls. 741.

borgarar sviptir úrræði 2. og 3. tölul. 242. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Eykur það enn á sérstöðu nefndarinnar, þótt taka megi fram, því ótengt, að vafasamt er að slíkt bann fái hér staðist. Hér vill svo til að nefndinni er í 1. gr. beinlínis sigað á það fólk sem átti að annast „framkvæmd laga og reglna um fjármálastarfsemi á Íslandi og eftirlit með henni“ og kemur þar ekki margt fólk til greina. Er mjög vafasamt hvort staðist getur ákvæði 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar að takmarka með þessum hætti þau borgararéttindi að fá úrlausn um réttindi sín fyrir dómi og sérstakt athugunarefni þar að auki hvort það standist ákvæði 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar að þrengja svo mjög að borgararéttindum sérválsins fámenns hóps til að leita réttar síns fyrir dómstólum. En úr þessum álitafnum verður vissulega ekki skorið á þessum vettvangi.

Þá vekur athygli að jafnvel embætti umboðsmanns Alþingis er tekið frá þeim borgurum sem hér eiga í hlut. Í 2. mgr. 17. gr. laga um nefndina er borgurunum sérstaklega bannað að kvarta til umboðsmanns Alþingis vegna starfa nefndarinnar, svo alger skal ósnertanleiki nefndarmanna vera. Reynt er að girða fyrir með öllum ráðum að nefndarmenn þurfi nokkurn tíma að standa nokkrum skil á nokkurri gjörð sinni eða orðum. Vekur það sérstaka athygli í ljósi þess að nefndin er sett á fót í framhaldi af kröfu um að sem flestir „axli ábyrgð“.

Varla dregur það úr sérstöðu nefndarinnar að einstakir nefndarmenn hafa lýst því yfir að nefndin muni flytja verstu tíðindi sem nokkur nefnd hafi nokkru sinni flutt nokkurri þjóð. Einn nefndarmaður hefur hvatt til þess að störf verði lögð niður í landinu í tvo til þrjá daga svo þjóðin geti lesið ritsmið nefndarinnar. Sami nefndarmaður mun sagst hafa grátið á nefndarfundum.

Þegar á allt þetta er horft, blasir við að nefnd samkvæmt lögum nr. 142/2008 er einstök. Nefndinni eru færðar nær ótakmarkaðar heimildir til að afla gagna og fá fram svör, og á eftir það að gefa álit á orsökum og afleiðingum umtöluðustu atburða í íslensku samfélagi undanfarna áratugi og benda á fólk sem beri ábyrgð á þeim. Sjálfir bera nefndarmenn enga ábyrgð, hvernig sem þeir fara með nær ótakmarkaðar heimildir sínar. Meðal þeirra sem nefndin hefur kallað fyrir og beint að erindi, sambærilegu við því sem mér var sent, eru einstaklingar sem unnið hafa sitt ævistarf í þjónustu íslenska ríkisins í tengslum við íslenskan fjármálamarkað og efnahagslíf. Má færa fyrir því augljós rök að fyrir suma viðtakendur bréfa nefndarinnar sé niðurstaða hennar þýðingarmeiri en hefðbundin dómsniðurstaða í einkamáli. Löggjafinn bannar þeim borgurum, sem nefndin sneiðir að, að leita réttar síns gegn nefndarmönnum. Niðurstöðum nefndarinnar verður ekki vísað til endurskoðunar nokkurs staðar. Aldrei hefur nokkurri nefnd svipað meira til dómstóls og hefur það fólk, sem á hendur sínar að verja fyrir nefndinni, raunar færri úrræði en þeir sem ekki vilja una héraðsdómsniðurstöðu, því ekki getur borgarinn áfrýjað niðurstöðu nefndarinnar. Má færa sterk rök fyrir því að sterkari, en ekki veikari, hæfisskilyrði gildi um umrædda nefnd en um dómstóla.

Þegar fyrir liggur að engri nefnd hefur meira svipað til dómstóls, að niðurstöður nefndarinnar skipta það fólk, sem nefndarmenn ákveða að fjalla um, verulegu máli og sjálfsagt í mörgum tilvikum meira máli en ef dómstóll ætti í hlut, þegar ljóst er að hagsmunirnir sem nefndin fjallar um eru gríðarlegir, sjálfstæði nefndarmanna algert en endurskoðunarmöguleikarnir engir; þá er algerlega ljóst að þeir borgarar, sem nefndin kys að fjalla um, eiga skýra og óumdeilanlega kröfu um að ekki leiki nokkur minnsti vafi á hæfi nefndarmanna. Aldrei nokkru sinni hafa gilt strangari hæfisskilyrði um nokkra nefnd. Svo það sé sagt út, þá væri það hrein vitfirring ef nefnd, eins og hér hefur verið lýst, færi jafnframt fram á að um sig giltu vægustu hæfisskilyrði sem finna mætti í stjórnsýslunni. Því verður ekki trúað að óbrjáláður maður geti skrifað sig til slíkrar niðurstöðu og varla brjáláður heldur. Því verður raunar ekki trúað að nefndarmenn reyni slíkt. Nefndinni er ætlað að auka traust í landinu. Nefndarmenn geta ekki farið fram á að um þá sjálfa gildi vægustu hæfisskilyrði sem stjórnsýslan framast getur fundið.“

4.2. Erindi Jónasar Fr. Jónssonar

Í bréfi lögmanns Jónasar Fr. Jónssonar frá 26. febrúar 2010 segir m.a svo:

„Sambyliskona sonar Tryggva Gunnarssonar starfaði sem lögfræðingur á lánasviði Fjármálaeftirlitsins á þeim tíma sem umbjóðandi minn var forstjóri stofnunarinnar, en kom jafnframt að verkefnum á öðrum sviðum. Umræddur starfsmaður átti einnig sæti í viðbúnaðarhópi Fjármálaeftirlitsins og gegndi jafnframt starfi upplýsingafulltrúa á árinu 2008 og kom þannig að fjölda málaflokka við störf sín hjá stofnuninni. Umræddur starfsmaður var því einn af lykilstarfsmönnum Fjármálaeftirlitsins. Af þeim sökum er ekki hægt að útiloka aðkomu umrædds starfsmanns að verkefnum Fjármálaeftirlitsins.

Við þær aðstæður má ljóst vera að hæfisreglur 3. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, sbr. 1. mgr. 3. gr. 142/2008, gera það að verkum að Tryggva ber að víkja sæti að því marki, sem umfjöllun nefndarinnar lýtur að Fjármálaeftirlitinu, verkefnum þess og eftirliti.

Í bréfi nefndarinnar til undirritaðs, dags. 12. febrúar 2010, er fjallað stuttlega um hvaða nefndarmenn og starfsmenn nefndarinnar hafi komið að vinnu við úttekt nefndarinnar á Fjármálaeftirlitinu. Í bréfinu segir meðal annars:

„Tekið skal fram að vegna tengsla Tryggva Gunnarssonar, nefndarmanns, við einn starfsmann Fjármálaeftirlitsins, eins og nánar er lýst í upplýsingum um nefndarmenn á heimasíðu nefndarinnar, hefur legið fyrir frá upphafi starfs nefndarinnar að hann kæmi ekki að umfjöllun hennar ef umræddur starfsmaður Fjármálaeftirlitsins hefði komið að viðkomandi máli þannig að ákvæði 1. mgr. 3. gr. laga nr. 142/2008 ættu við.“

Umbjóðandi minn gerir ráð fyrir því að hér eigi nefndin við sambýliskonu sonar Tryggva. Umbjóðandi minn fær hins vegar ekki séð hvernig nefndin getur á fullnægjandi og ótvíræðan hátt gengið úr skugga um það hvenær umræddur starfsmaður hefur „komið að“ tilteknu máli og hvenær ekki. Í því sambandi skal þess getið að vegna setu í viðbúnaðarhópi Fjármálaeftirlitsins og sem upplýsingafulltrúi hafði starfsmaðurinn aðgang og aðkomu að ýmsum málum án þess að þess væri sérstaklega getið í upplýsingaskrá þeirra.

Í ljósi framangreinds telur umbjóðandi minn að Tryggva hafi borið að víkja við umfjöllun nefndarinnar um öll mál, sem snerta Fjármálaeftirlitið, og þar af leiðandi umbjóðanda minn. Má raunar halda því fram, með hliðsjón af því vægi sem Fjármálaeftirlitið virðist hafa við rannsókn nefndarinnar, að almennar neikvæðar hæfisreglur (þ.e. fyrirsjáanlegt vanhæfi í mörgum tilvikum) geri það að verkum, að draga megi í efa almennt hæfi Tryggva til setu í nefndinni vegna þeirrar augljósu hættu á hagsmunaárekstrum sem er fyrir hendi í störfum nefndarinnar samkvæmt framangreindu.

Samkvæmt athugasemdum greinargerðar með frumvarpi því sem varð að stjórnsýslulögum er tilgangur ákvæða 3. gr. stjórnsýslulaga ekki eingöngu að koma í veg fyrir að ómálefnaleg sjónarmið hafi áhrif á efni stjórnvaldsákvæðana, heldur er þeim einnig ætlað að stuðla að því að almenningur og þeir sem hlut eiga að máli geti treyst því að stjórnvöld leysi úr málum á hlutlægan hátt. Með hæfisreglum er reynt að sporna gegn því fyrirfram að aðilar sem eru líklegir til að líta til ákveðinna ómálefnalega sjónarmiða, fari með mál.

Tryggvi hefur komið að umfjöllun og rannsókn nefndarinnar á málefnum Fjármálaeftirlitsins, tekið þátt í skýrslugjöf umbjóðanda míns o.fl. Með því telur umbjóðandi minn að nefndin hafi ekki fylgt hæfisreglum þeim, sem um nefndina gilda, sbr. 2. og 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og 1. mgr. 3. gr. laga nr. 142/2008.“

4.3. Störf Írisar Bjarkar Hreinsdóttur hjá Fjármálaeftirlitinu

Íris Björk Hreinsdóttir, fædd 15. ágúst 1980, er sambyliskona Gunnars Smára Tryggvasonar. Hann er sonur Tryggva Gunnarssonar, eins af nefndarmönnum rannsóknarnefndar Alþingis.

Íris starfaði um tíma hjá Fjármálaeftirlitinu. Hún kom fyrst til starfa sem laganemi vorið 2006 og vann til áramóta en þá var hún fastráðin. Íris lauk síðan laganámi vorið 2007. Íris lét af störfum hjá Fjármálaeftirlitinu í september 2009. Íris var ráðin til starfa inn á lánasvið. Hluti af störfum hennar tengdust þó einnig öðrum sviðum stofnunarinnar. Þá sinnti hún einnig verkefnum sem tengdust aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Íris sinnti til viðbótar afmörkuðum málum sem heyrðu þvert yfir svið stofnunarinnar.

Íris sinnti að mestum hluta störfum á lánasviði sem felast m.a. í að hafa almennt eftirlit með lögum um fjármálafyrirtæki. Verkefni hennar tengdust m.a. starfsleyfisumsóknum, hæfismötum framkvæmdastjóra, eftirliti með virkum eignarhlutum, vettvangsathugunum, samrunum, auk annarra eftirlitsþátta. Þá vann hún einnig að samningu leiðbeinandi tilmæla og túlkana og átti þátt í vinnu við lagafrumvörp.

Íris átti sæti í viðbúnaðarhópi Fjármálaeftirlitsins, m.a. til að fylgjast með og þekkja til mála sem stofnunin vann að. Auk þess sinnti hún afmörkuðum verkefnum. Íris átti sæti í nokkrum nefndum á vegum viðskiptaráðuneytisins við að semja lagafrumvörp á starfssviði Fjármálaeftirlitsins. Þá átti hún sæti í samráðshópi á vegum viðskiptaráðuneytisins vegna aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Hún fékkst einnig við rannsóknir á einstökum málum sem voru til úrlausnar um ætluð brot á lögum sem Fjármálaeftirlitið hafði eftirlit með. Frá desember 2007 gegndi Íris jafnframt starfi upplýsingafulltrúa samhliða lögfræðilegum störfum sínum á lánasviði.

Framangreind lýsing á störfum Írisar er byggð á skýrslu sem hún gaf rannsóknarnefnd Alþingis 27. febrúar 2010.

Við tölvuleit í þeim rafrænu gögnum sem rannsóknarnefndin fékk aðgang að hjá Fjármálaeftirlitinu kom nafn Írisar í flestum tilvikum fyrir í skjölum er vörðuðu starf hennar sem upplýsingafulltrúa. Nafn hennar kom einnig fyrir í skjölum er vörðuðu ráðgjafarnefnd um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, nefnd um gjaldeyrisskiptastöðvar, fundi í ráðuneytum vegna undirbúnings lagasetningar, umsagnir til Alþingis um lagafrumvörp og í fundargerðum viðbúnaðarhóps Fjármálaeftirlitsins.

Með bréfi, dags. 13. maí 2009, óskaði rannsóknarnefnd Alþingis fyllri upplýsinga um viðbúnaðarhóp Fjármálaeftirlitsins. Svör bárust hinn 2. júlí 2009. Þar kom fram að Íris Björk Hreinsdóttir lánasviði/upplýsingafulltrúi hefði átt sæti í hópnum. Við nánari lýsingu á skiptingu verkefna á milli þeirra sem sæti áttu í hópnum komu ekki fram neinar nánari upplýsingar um störf Írisar.

4.4. Niðurstaða

Um sérstakt hæfi nefndarmanna fer eftir sömu reglum og fram koma í 3. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Ber nefndarmanni þannig að víkja sæti að því marki sem hann tengist einstaklingi, stofnun eða einkafyrirtæki sem rannsókn nefndarinnar beinist að, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 142/2008.

Við upphaf starfa rannsóknarnefndar Alþingis var ljóst að Tryggvi Gunnarsson væri vanhæfur í málum Írisar Bjarkar Hreinsdóttur, sambyliskonu sonar hans, á grundvelli sömu reglna og fram koma í 6.

tölul. 1. mgr. 3. gr. stjórnýslulaga nr. 37/1993, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 142/2008. Á fundi með formönnum þingflokka og forseta Alþingis þar sem til umræðu var skipun Tryggva, kjörins umboðsmanns Alþingis, í nefndina, vakti hann máls á þessum tengslum við Írisi og að fyrir lægi að hann myndi víkja sæti í málum er hana snertu yrði hann skipaður til starfans. Í samræmi við 2. mgr. 3. gr. laga nr. 142/2008 voru við upphaf starfa nefndarinnar birtar á heimasíðu hennar upplýsingar um atriði, sem haft gætu áhrif á sérstakt hæfi nefndarmanna. Þar kom m.a. fram um Tryggva Gunnarsson:

„[...] sambýliskona Gunnars Smára [Tryggvasonar], Íris Björk Hreinsdóttir, starfar hjá Fjármálaeftirlitinu. Komi til þess að einhver þáttur rannsóknarinnar lúti að fyrrnefndum störfum Tryggva, þeirra sem nefndir eru hér eða öðrum honum nákomnum mun hann víkja sæti í samræmi við reglu 3. gr. laga nr. 142/2008, sbr. 3. gr. stjórnýslulaga nr. 37/1993.“

Líkt og fyrr segir lét Íris Björk Hreinsdóttir af störfum hjá Fjármálaeftirlitinu í september 2009. Í kjölfarið var tilvitnuðum texta á heimasíðu rannsóknarnefndar Alþingis breytt til samræmis á þá lund að greint var frá að hún hefði starfað hjá Fjármálaeftirlitinu frá maí 2006 til september 2009.

Um réttaráhrif vanhæfis segir í 1. mgr. 3. gr. laga nr. 142/2008 að nefndarmanni beri að víkja sæti „að því marki sem hann tengist einstaklingi [...] sem rannsókn nefndarinnar beinist að“. Samkvæmt þessu bar Tryggva Gunnarssyni að víkja sæti að því marki sem rannsókn nefndarinnar beindist eftir atvikum sérstaklega að störfum Írisar Bjarkar Hreinsdóttur en ekki í málum annarra starfsmanna Fjármálaeftirlitsins og því síður starfsmanna annarra eftirlitsstofnana ríkisvaldsins, t.d. Seðlabanka Íslands.

Jónas Fr. Jónsson gaf fjórum sinnum skýrslu fyrir rannsóknarnefnd Alþingis. Fyrsta skýrsla af fjórum var tekin 23. mars 2009 og önnuðust Páll Hreinsson og Tryggvi Gunnarsson hana. Í þeirri skýrslutöku var aðallega fjallað um stefnumörkun forstjóra Fjármálaeftirlitsins um nokkur meginatriði. Þar var t.d. fjallað um viðbrögð hans við hröðum vexti bankakerfisins, almennt um útlánagæði bankanna og afskriftarþörf, viðbrögð eftirlitsins við aukningu útlána til eignarhaldsfélaga, um þróun stórra áhættuskuldbindinga bankanna. Loks var vikið að meginþáttum í þróun Icesave innlána Landsbankans í útibúi bankans í London.

Í þessari skýrslutöku var ekki vikið að afgreiðslu einstakra mála hjá Fjármálaeftirlitinu, störfum lánasviðs, upplýsingafulltrúa eða öðrum málum sem sérstaklega tengdust Írisi Björk Hreinsdóttur. Ekki var á annan hátt vikið að viðbúnaðarhópi Fjármálaeftirlitsins en að tilvist hans og að hann hefði verið settur á fót í nóvember 2007. Upplýst var að hann hefði m.a. fylgst með tryggingarþekju, veðköllum og stórum áhættuskuldbindingum.

Jónas Fr. Jónsson gaf aftur skýrslu fyrir rannsóknarnefndinni 6. ágúst 2009 og önnuðust sem fyrr Páll Hreinsson og Tryggvi Gunnarsson skýrslutökuna. Í þeirri skýrslutöku var einnig fjallað um meginstefnumörkun stjórnenda Fjármálaeftirlitsins s.s. varðandi innlánsöfnun á Icesave reikninga í Amsterdam, viðbrögð Fjármálaeftirlitsins við athugasemdum hollenska seðlabankans og áhrif þessara innlána á stöðu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta. Jónas var einnig spurður um það hvernig það yrði staðreynt að Fjármálaeftirlitið hefði knúið á um það að bankarnir minnkuðu efnahagsreikning sinn. Þá var Jónas yfirheyrður um þátt stjórnenda Fjármálaeftirlitsins í undirbúningi og úrlausn á því að Seðlabanki Íslands lagði til við ríkisstjórnina að gera kauptilboð í 75% hlutfjár í Glitni banka hf. 28. september 2008. Óskað var eftir að Jónas upplýsti að hvaða leyti Fjármálaeftirlitið hefði komið að samningu frumvarps til neyðarlaganna. Loks var rætt um samskipti Jónasar við fyrirsvarsmenn

Landsbankans og FSA (breska fjármálaeftirlitið) um mögulegan tilflutning Icesave reikninga úr útibúi bankans í London yfir í dótturfélag.

Í þessari skýrslutöku var sjónum ekki frekar en í fyrstu skýrslutökunni beint að afgreiðslu einstakra stjórnsýslumála hjá Fjármálaeftirlitinu, lánasviði eða upplýsingafulltrúa Fjármálaeftirlitsins. Í upptalningu á þeim starfsmönnum sem komu að samningu frumvarps til neyðarlaganna kvaðst Jónas „ekki viss um hvort að Íris hafi verið að vinna í þeim“.⁷ Að öðru leyti var ekki vikið að málum sem sérstaklega tengdust henni. Í skýrslutöku vék Jónas nokkrum sinnum að viðbúnaðarhópnum, aðallega til skýringar á því hvaða upplýsingum hefði verið safnað. Ekki var frekar rætt um starf hópsins í þessari skýrslutöku.

Jónas Fr. Jónsson gaf í þriðja skipti skýrslu fyrir rannsóknarnefndinni 5. október 2009. Páll Hreinsson, Guðrún Johnsen og Þuríður Sigurjónsdóttir önnuðust skýrslutökuna. Í þessari skýrslutöku var farið yfir störf viðbúnaðarhópsins og upplýsingaöflun, svo og nánar rætt um ýmsa starfshætti stofnunarinnar.

Síðasta skýrslutaka af Jónasi Fr. Jónssyni fór fram 8. febrúar 2010. Hana önnuðust Páll Hreinsson og Finnur Þór Vilhjálmsson. Jónas var þá spurður um forsendur fyrir afgreiðslu tiltekinnna mála, þ.m.t. af lánasviði stofnunarinnar.

Treglega gekk að fá afhent umbeðin gögn frá Fjármálaeftirlitinu. Skýringar á töfum lutu að miklum önnum starfsfólks stofnunarinnar vegna aðkallandi vanda íslenska bankakerfisins á árinu 2009. Rannsókn á Fjármálaeftirlitinu komst ekki á fullan skrið fyrr en í maí 2009. Í ljósi þess að skráning hjá Fjármálaeftirlitinu á því hvaða starfsmenn komu að afgreiðslu mála stofnunarinnar virtist ekki vera fullkomin var ákveðið að Páll Hreinsson stýrði rannsókn nefndarinnar á Fjármálaeftirlitinu og að Tryggvi Gunnarsson kæmi á því stigi ekki að stefnumarkandi ákvörðunum um skipulagningu og farveg þessa þáttar. Undir stjórn Páls störfuðu lögfræðingarnir Elín Jónsdóttir og Þuríður Sigurjónsdóttir. Eyvindur G. Gunnarsson lögfræðingur hafði með höndum þau atriði er lutu að eftirliti með verðbréfa- og fjárfestingarsjóðum svo og eftirlit með verðbréfamörkuðum. Við skýrslutöku af Jónasi aðstoðuðu einnig Guðrún Johnsen hagfræðingur og Finnur Þór Vilhjálmsson lögfræðingur. Nefndin naut aðstoðar starfsfólks dönsku ríkisendurskoðunarinnar, sem nýlega hafði lokið úttekt á danska fjármálaeftirlitinu. Þá gafst Páli Hreinsyni færi á að bera saman eftirlitsframkvæmd um afmörkuð atriði hjá norsku og dönsku fjármálaeftirlitunum.

Samkvæmt öllu framansögðu er ljóst að farið hefur verið að fyrirmælum 2. másl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 142/2008, um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða, við rannsókn rannsóknarnefndar Alþingis á Fjármálaeftirlitinu þar sem Tryggvi Gunnarsson hefur vikið sæti að því marki sem rannsókn nefndarinnar hefur beinst sérstaklega að störfum sambýliskonu sonar hans eins og þau verða ráðin af fyrirliggjandi gögnum. Tryggvi hefur því vikið sæti við umfjöllun í þeim hlutum skýrslunnar er beinist að viðbúnaðarhópi Fjármálaeftirlitsins, en fyrir liggur að Íris Björk átti þar sæti. Tryggvi stendur hins vegar að öðru leyti að almennum ályktunum um starfsemi Fjármálaeftirlitsins í þessari skýrslu, enda ekki fram komnar við rannsóknina upplýsingar eða skjallæg gögn um beina aðkomu Írisar Bjarkar Hreinsdóttur að einstökum ákvörðunum eða öðrum þáttum starfseminnar en að framan greinir.

⁷ Skýrsla Jónasar Fr. Jónssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 6. ágúst 2009, bls. 76.

Í tilefni af kröfu Davíðs Oddssonar skal á það bent að samkvæmt framansögðu bar Tryggva Gunnarssyni að víkja sæti að því marki sem rannsókn nefndarinnar beindist eftir atvikum sérstaklega að störfum Írisar Bjarkar Hreinsdóttur en ekki í málum annarra starfsmanna Fjármálaeftirlitsins. Þeim mun síður er Tryggvi vanhæfur af þessari ástæðu einni í málum starfsmanna annarra og sjálfstæðra eftirlitsstofnana ríkisvaldsins svo sem Seðlabanka Íslands. Ekki er því fallist á að Tryggva Gunnarssyni beri að víkja sæti í málum sem snerta Davíð Oddsson eða Seðlabanka Íslands.

Reykjavík, 10. apríl 2010

Páll Hreinsson

Sigríður Benediksdóttir

5. Ákvörðun um hæfi Guðrúnar Johnsen – 10. apríl 2010

Á fundi rannsóknarnefndar Alþingis 10. apríl 2010 er tekið fyrir bréf Jónasar Fr. Jónssonar, fyrrverandi forstjóra Fjármálaeftirlitsins sem barst nefndinni 26. febrúar 2010. Í bréfinu er því haldið fram að Guðrún Johnsen hafi verið vanhæf til þess að koma að rannsókn á Fjármálaeftirlitinu þar sem hún hafi sýnt honum óvild. Erindi Jónasar er tekið til afgreiðslu í nefndinni samkvæmt 3. gr. laga nr. 142/2008.

5.1. Erindi Jónasar Fr. Jónssonar

Í bréfi lögmanns Jónasar Fr. Jónssonar frá 26. febrúar 2010 segir m.a svo:

„Í bréfi nefndarinnar, dags. 12. febrúar 2010, kemur meðal annars fram að Guðrún Johnsen hafi aðstoðað nefndina í störfum sínum.

Eins og umbjóðandi minn upplýsti formann nefndarinnar um þegar í mars 2009 og ítrekaði síðar þá verður að telja að Guðrún Johnsen hafi verið vanhæf til að fjalla um málefni umbjóðanda míns og Fjármálaeftirlitsins.

Guðrún Johnsen leitaði eftir starfi hjá Fjármálaeftirlitinu í lok árs 2005 eða í byrjun árs 2006. Hún var þá upplýst um það að hjá stofnuninni gildi ákveðið ráðningarferli, sem byggði á jafnræði og hlutlægni, og henni væri velkomið að senda inn umsókn. Guðrún tók því illa og taldi sig hafna yfir það að þurfa að sæta slíku ferli. Í framhaldinu hefur hún látið ýmis neikvæð ummæli falla við þriðju aðila um umbjóðanda minn og Fjármálaeftirlitið, svo sem umbjóðandi minn hefur staðreynt.

Í þessu sambandi skal sérstaklega bent á að í skýrslutöku yfir umbjóðanda mínum þann 5. október 2009, blandaði Guðrún Johnsen sér með afdráttarlausum hætti inn í umræður um ráðningarmál Fjármálaeftirlitsins. Benti umbjóðandi minn á að hann teldi slíkt óviðeigandi og hana ekki hæfa til að fjalla um málefni eftirlitsins.

Telja verður að með hliðsjón af neikvæðu viðhorfi Guðrúnar til umbjóðanda míns og starfsemi Fjármálaeftirlitsins sé hún vanhæf til vinnu við, og umfjöllunar um, öll þau atriði sem lúta að Fjármálaeftirlitinu fyrir nefndinni á grundvelli 3. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 og óskráðra meginreglna stjórnisýsluréttar varðandi hæfi. Þannig er hætt við því að hún hafi metið gögn, röksemdir og huglæg matsatriði í ljósi fyrri afstöðu sinnar en ekki á hlutlægan, faglegan og sanngjarnan hátt. Jafnframt verður að telja líklegt að afstaða Guðrúnar gagnvart umbjóðanda mínum og starfsemi Fjármálaeftirlitsins hafi haft neikvæð huglæg áhrif á afstöðu nefndarmanna og starfsmanna nefndarinnar til umbjóðanda míns og starfsemi Fjármálaeftirlitsins.“

5.2. Samskipti Guðrúnar Johnsen við Fjármálaeftirlitið á árunum 2005 og 2006

Í tilefni af framangreindu erindi Jónasar Fr. Jónssonar óskaði rannsóknarnefnd Alþingis eftir því að Guðrún Johnsen greindi frá samskiptum sínum við Fjármálaeftirlitið á árinu 2005 og 2006 og fer skýrsla hennar, dags. 12. mars 2010, hér á eftir:

„Upphaf samskipta minna við Fjármálaeftirlitið má rekja til þess að ég ræddi við starfsmann Fjármálaeftirlitsins, dr. Helga Þórsson, tölfræðing um mitt ár 2005. Helgi vakti athygli mína á verkefnum eftirlitsins og vildi svo til að ég sjálf starfaði á svipuðu sviði fyrir erlenda stofnun.

Eftir að ég hafði búið og starfað í Bandaríkjunum í sex ár hugðist ég flytja aftur heim til Íslands um mitt ár 2006. Minnug samtals okkar Helga leitaðist ég við að kanna hvort verkefni við mitt hæfi væri að finna hjá Fjármálaeftirlitinu. Rétt fyrir heimför í desember 2005 sendi ég Jónasi Fr. Jónssyni, þáverandi forstjóra stofnunarinnar, tölvupóst og óskaði ég eftir viðtali við hann. Í framhaldi af því hafði starfsmannastjóri stofnunarinnar samband við mig. Hún tjáði mér að ekki væru laus störf til umsóknar um þær mundir. Ég gæti hins vegar komið í hæfnispróf 19. desember 2005. Þá hvatti hún mig til að sækja um starf hjá stofnuninni næst þegar auglýst yrðu laus störf til umsóknar. Ég afþakkaði boðið um að fara í prófið enda hafði ég skamma viðdvöl á Íslandi í það skiptið og ekki sérstaklega í hyggju að sækjast þar eftir starfi, fremur tilfallandi verkefnum og þá hugsanlega sem verktaki. Ég varð hins vegar nokkuð hugsi yfir því fyrirkomulagi sem var á ráðningu starfsfólks hjá stofnuninni og velti því upp í samtalinu hvort það væri heppilegt til þess að laða reynt starfsfólk að stofnuninni.

Í bréfi Jónasar Fr. Jónssonar til rannsóknarnefndar Alþingis, dags. 26. febrúar 2010, kemur fram að ég hafi sóst eftir starfi hjá Fjármálaeftirlitinu. Það er ekki rétt. Ég hef aldrei sóst eftir tilteknu starfi hjá stofnuninni og ekki sent þangað almenna umsókn um starf. Í þeirri ákvörðun minni að vilja ekki þreyta próf eða sækja um starf hjá stofnuninni þegar það var næst auglýst laust til umsóknar fólst engin óvild af minni hálfu hvorki í garð stofnunarinnar eða stjórnenda hennar. Frumkvæði af minni hálfu við að nálgast stofnunina fólst í áhuga mínum á verkefnum hennar og vilja til að kanna hvernig þau verk væru unnin, hvernig starfsfólk væri þar að finna, hvaða sérfræðiþekkingu það hefði og hvernig aðbúnaður hjá eftirlitinu til að vinna verkin væri til staðar. Ég fékk þó ekki tækifæri til að ræða við forstjóran og fá þessum spurningum svarað. Í þessari sömu Íslandsferð bauðst mér starf annars staðar. Ekki kom til frekari samskipta milli mín og Fjármálaeftirlitsins að undanskildum samskiptum milli okkar Helga, sem lýsti áhuga sínum á því að Fjármálaeftirlitið hefði samstarf við mig og ráðgjafafyrirtæki mitt sem ég stofnaði ásamt félögum mínum síðla árs 2006. Ekki varð þó af samstarfi á þessum grundvelli þar sem Helgi hætti nokkru síðar hjá Fjármálaeftirlitinu. Eftir að framangreind atvik áttu sér stað hef ég rætt við starfsfélaga mína við Háskólann í Reykjavík um stofnunina og það þekktu álitafni, sem fjallað hefur verið um í fræðunum, hvernig ríkisstofnun getur laðað að sér og fengið til starfa hjá sér reynt fólk úr einkageiranum af því starfssviði sem eftirlit stofnunarinnar lýtur að. Lýsing starfsmannastjóra Fjármálaeftirlitsins á fyrirkomulagi ráðninga hjá stofnuninni gaf mér tilefni til íhugunar um hvort málum væri nægilega vel fyrir komið að þessu leyti hjá Fjármálaeftirlitinu.“

5.3. Niðurstaða

Eins og áður segir hefur Jónas Fr. Jónsson, fyrrverandi forstjóri Fjármálaeftirlitsins, gert athugasemdir við hæfi Guðrúnar Johnsen. Virðist hann byggja á því að Guðrún hafi sýnt honum óvild sem stafi af því að hún hafi ekki fengið starf hjá Fjármálaeftirlitinu þar sem hún hafi tekið því illa að sæta ákveðnu ráðningarferli hjá stofnuninni. Hafi hún í framhaldinu látið ýmis neikvæð ummæli falla við þriðju aðila um hann sjálfan og Fjármálaeftirlitið.

Af hálfu Guðrúnar er þessu hafnað og á það bent að hún hafi sóst eftir að fá frekari upplýsingar um starfsemi stofnunarinnar í því skyni sem lýst var hér að framan. Hún hafi hins vegar ekki sóst eftir tilteknu starfi hjá stofnuninni og ekki sent þangað almenna umsókn um starf. Hún tekur hins vegar fram að hún hafi verið hugsi yfir því fyrirkomulagi sem var á ráðningu starfsfólks hjá stofnuninni og velt því upp í samtali við starfsmannastjórnann hvort það væri heppilegt til þess að laða að reynt starfsfólk. Hún hafi einnig vikið að þessu í samtali við kollega sína í Háskólanum í Reykjavík hvort þetta fyrirkomulag væri til þess fallið að ná því markmiði að laða að starfsfólk úr einkageiranum af því starfssviði sem eftirlit stofnunarinnar lýtur að.

Í skýrslutöku fyrir rannsóknarnefndinni 5. október 2009 kristallaðist þessi viðhorfsmunur þar sem Guðrún spurði hvort það væri eitthvað í ráðningarferlinu sem kæmi í veg fyrir að þangað réðist fólk með reynslu. Jónas vísaði þessu á bug og benti á að stofnunin væri með „ákveðinn prósess“ sem allir yrðu að ganga í gegnum sem sæktu um starf að undangenginni auglýsingu og að því búnu væri síðan hæfasti umsækjandinn ráðinn.

Meðal rannsóknarefna nefndarinnar var hvers vegna starfsaldur starfsmanna Fjármálaeftirlitsins hefði lækkað síðustu ár og voru umræddar spurningar lagðar fyrir Jónas af því tilefni. Guðrún Johnsen hagfræðingur aðstoðaði formann nefndarinnar við skýrslutöku af Jónasi Fr. Jónssyni um hagfræðileg efni en kom ekki að öðru leyti að rannsókn á störfum Fjármálaeftirlitsins.

Um sérstakt hæfi nefndarmanna fer eftir sömu reglum og fram koma í 3. gr. stjórnslulaga, nr. 37/1993. Ber nefndarmanni þannig að víkja sæti að því marki sem hann tengist einstaklingi, stofnun eða einkafyrirtæki sem rannsókn nefndarinnar beinist að, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 142/2008. Sömu hæfisreglur gilda um aðra þá sem vinna á vegum rannsóknarnefndar Alþingis, sbr. 1. mgr. 4. gr. sömu laga.

Í 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 er kveðið svo á að starfsmaður eða nefndarmaður sé vanhæfur til meðferðar máls ef að öðru leyti eru fyrir hendi þær aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans í efa með réttu. Á grundvelli þessa ákvæðis geta starfsmenn og nefndarmenn orðið vanhæfir ef ummæli þeirra eða framkoma þykja bera vott um óvild í garð málsaðila.

Í athugasemdum við 3. gr. frumvarps þess er varð að stjórnslulögum nr. 37/1993 er tekið fram að svo óvinátta valdi vanhæfi verði að vera um að ræða einhverjar sannanlegar hlutlægar ástæður sem almennt verði taldar til þess fallnar að draga meggi í efa óhlutdrægni starfsmanns. Ekki nægi að aðili máls állíti starfsmann sér fjandsamlegan. Hins vegar í þeim tilvikum þar sem slegið hafi í brýnu milli starfsmanns og aðila máls og starfsmaður hefur viðhaft óviðeigandi framkomu eða orðbragð myndi starfsmaður talinn vanhæfur, a.m.k. þar sem úrslit máls hefðu verulega þýðingu fyrir málsaðila.⁸

Af lögskýringargögnum er því ljóst að einhver hlutræn atriði verða því að vera til staðar sem út í frá séð eru almennt til þess fallin að draga meggi í efa óhlutdrægni starfsmannsins. Hér nægir því ekki sú huglæga afstaða málsaðila að honum finnist starfsmaður andsnúinn sér eða beri óvildarhug til sín, sbr. hér til hliðsjónar dóma Hæstaréttar um hæfi dómara: H 1978:205 og H 2001:1885.

Eins og áður segir er því borið við af hálfu Jónasar að Guðrún sé vanhæf þar sem hún hafi sýnt honum óvild sem stafi af því að hún hafi ekki fengið starf hjá Fjármálaeftirlitinu þar sem hún hafi tekið því illa að sæta ákveðnu ráðningarferli hjá stofnuninni. Upplýst er að Guðrún hefur aldrei sótt um starf hjá Fjármálaeftirlitinu. Hún sýndi því hins vegar áhuga að vinna e.t.v. verkefni fyrir Fjármálaeftirlitið og

⁸ *Alþingistíðindi* 1992-1993, A-deild, bls. 3288.

kynnast frekar starfsemi þess. Af skýrslu Guðrúnar er ljóst að í samtali við starfsmannastjórnann lýsti hún viðhorfum sínum til þeirrar framkvæmdar ráðningarferlis hjá stofnuninni sem henni voru veittar upplýsingar um og dró í efa að hún væri til þess fallin að laða að starfsfólk með reynslu. Samkvæmt gögnum málsins átti Guðrún á þessum tíma engin samtöl við Jónas Fr. Jónsson.

Þegar framangreint er virt hefur af hálfu Jónasar ekki verið bent á nein hlutræn atriði í samskiptum Guðrúnar við starfsmenn Fjármálaeftirlitsins sem út í frá séð eru almennt til þess fallin að draga megi í efa óhlutdrægni hennar.

Af hálfu Jónasar hefur því einnig verið borið við að Guðrún hafi látið ýmis neikvæð ummæli falla við þriðju aðila um hann sjálfan og Fjármálaeftirlitið. Í bréfi Jónasar Fr. Jónsson, sem er lögfræðingur, og lögmanns hans, eru ekki tilfærð nein ummæli þessu til staðfestingar. Hafa þannig ekki verið færðar fram neinar hlutrænar ástæður af hálfu Jónasar sem hægt er að leggja mat á.

Af hálfu Guðrúnar er viðurkennt að hún hafi rætt við starfsfélaga sína við Háskólann í Reykjavík um Fjármálaeftirlitið í tengslum við það fræðilega álitaefni hvernig ríkisstofnun getur laðað að sér og fengið til starfa hjá sér reynt fólk úr einkageiranum af því starfssviði sem eftirlit stofnunarinnar lýtur að, en hún hafði efasemdir um stofnunin væri að ná árangri á þessu sviði.

Eins og vikið er m.a. að í áliti umboðsmanns Alþingis UA nr. 377/1990 hefur verið talið að það valdi ekki vanhæfi eitt og sér þótt menn hafi ólíkar skoðanir á fræðilegum efnum eða hafi greint á í afstöðu til manna eða málefna. Að þessu athuguðu verður ekki séð að fyrir liggi neinar ástæður sem valdið hafi vanhæfi Guðrúnar Johnsen til þess að aðstoða við skýrslutökur af Jónasi Fr. Jónssyni fyrir rannsóknarnefnd Alþingis á grundvelli reglna um sérstakt hæfi eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni.

Reykjavík, 10. apríl 2010

Páll Hreinsson

Sigríður Benediktsdóttir

Tryggvi Gunnarsson

6. Ákvörðun um hæfi Vilhjálms Árnasonar – 10. apríl 2010

Á fundi rannsóknarnefndar Alþingis 10. apríl 2010 er tekið fyrir bréf Davíðs Oddssonar, fyrrverandi formanns stjórnar Seðlabanka Íslands, sem barst nefndinni 24. febrúar 2010. Í bréfinu lýsti Davíð m.a. því viðhorfi sínu að starfsmaður nefndarinnar, sem Davíð nafngreindir ekki, hefði gert sig vanhæfan með spurningum sem hann lagði fyrir Davíð við skýrslutöku. Davíð Oddsson var kvaddur til skýrslutöku fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 7. og 12. ágúst 2009, svo og 4. janúar 2010. Miðað við efni þeirra ummæla sem Davíð vísar til virðist þar átt við spurningar sem Vilhjálmur Árnason, prófessor og formaður vinnuhóps um siðferði, beindi til Davíðs Oddssonar 12. ágúst 2009. Erindi Davíðs er tekið til afgreiðslu í nefndinni samkvæmt 3. gr. laga nr. 142/2008.

6.1. Erindi Davíðs Oddssonar

Í bréfi Davíðs Oddssonar frá 24. febrúar 2010 segir m.a svo:

„Þá vil ég láta þess getið, að er ég kom til skýrslugjafar fyrir nefndinni tók að spyrja mig einstaklingur, er starfar á vegum nefndarinnar. Hóf hann spurningar sínar á því að upplýsa mig um að hann teldi mig að minnsta kosti „ekki einan“ bera ábyrgð á bankahruninu. Þá varð hlutaðeigandi maður ítrekað skilinn svo að hann lýsti mikilli furðu á að ég hefði ekki fyrir löngu sagt af mér

embætti mínu. Þarf ekki að hafa mörg orð um hversu vandlega umræddur einstaklingur hefur með þessum yfirlýsingum gert sig vanhæfan til starfs fyrir nefndina. Vænti ég staðfestingar nefndarinnar á því, að umræddur einstaklingur hafi á engan hátt komið að því að móta skoðanir eða aðrar niðurstöður er tengjast mínum störfum, minna samstarfsmanna eða annarra er á sama sviði hafa starfað.“

6.2. Útskrift úr skýrslutöku Davíðs Oddssonar fyrir rannsóknarnefnd Alþingis 12. ágúst 2009

Undir lok skýrslutöku hinn 12. ágúst 2009 lagði Vilhjálmur Árnason spurningar fyrir Davíð Oddsson ásamt Tryggva Gunnarssyni og Páli Hreinssyni er lutu að stjórnýslu, siðferðilegri hlutverkaábyrgð o.fl. Í samræmi við 2. mgr. 8. gr. laga nr. 142/2008 var skýrslan hljóðrituð. Sá þáttur skýrslutökunnar sem Davíð vísar til fer hér á eftir í útskrift af upptökunni. Tekið skal fram að teknar eru með spurningar og svör bæði undan og á eftir þeim orðum sem Davíð vísar til svo ljóst sé í hvaða samhengi umrædd orð voru látin falla:

„TG: Þetta er bara spurningin um það hvort að þessar reglur — nú er nú búið að formbinda í sjálfu sér ákvarðanir og afskipti stjórnvaldanna af þriðja aðila, þ.e. borgurunum og slíku, en þá liggur eftir í raun og veru innri vinnubrögð stjórnýslunnar og samskipti milli stjórnýslunnar og það er akkúrat kannski það sem að við erum að glíma við og þessi þróun að...

DO: T.d. það sem við höfum beinlínis, ég segi við höfum eða Seðlabankinn hefur, við höfðum, heimildir til að setja mönnum reglur, eins og varðandi gjaldmiðlahlutfall eða lausafjárstreymi, það var jafnan gert skriflega. Það var jafnan gert skriflega. En það sem við höfðum bara eiginlega svona, gátum lýst áhyggjum okkar eða umvöndun eða þess háttar, það var gjarnan gert munnlega og þannig held ég að þannig hagi allir seðlabankar sér. Ég held að það sé algjörlega, það sé ekki af því að við séum fámennir og það allt saman og kunningjasamfélag. Seðlabankaheimurinn t.d. er eitthvert mesta kunningjasamfélag sem ég hef séð, bara eitthvert mesta kunningjasamfélag sem ég hef séð og þetta eru svo stór ríki, þetta er algjörlega lokaður klúbbur manna sem þora ekki að tala við neina aðra heldur en þessa sömu menn. Nú við vitum það í Frakklandi koma allir valdamennirnir úr sama skólanum, tiltölulega fámennum skóla. Þannig að þetta er, sem er þá ennþá lokaðri klíka sem að enginn kemst inn í. Þannig að menn mega ekki gefa sér endilega að fámennið hér geri það að verkum að við högum okkar eitthvað undarlega, ég held að fámennið oft reyndar sýni það að við erum fljótari að snúa okkur við fyrir vikið. Það held ég. En það er enginn núna sem sér meira eftir því þegar að, sérstaklega þegar ég sit hérna hjá ykkur, að hafa ekki meira bréfað og þegar ég heyri það jafnvel að sumir hérna vilji ekki kannast við, eins og ástandið er, það sem við erum að segja, þá er maður í vanda.

VÁ: Er það ekki líka svolítið þröngt að þó að það sé auðvitað grundvallaratriði að skilja ábyrgð sína sem embættismanns lagalegum skilningi, er einhver siðferðilegt inntak í svona hlutverkaábyrgðinni sem að, ef að þú skynjar að allt er að fara úr böndunum en þú sérð á lagabókstafnum: Já, þetta er ekki alveg í mínum verkahring. Þú hefur raunar lýst því að þú hafir farið umfram hann.

DO: Já, ég hef farið langt umfram hann, já.

VÁ: Og þannig að þú telur þá að það sé svona siðferðilegt inntak í skyldu embættismannsins?

DO: Já, já og ég er náttúrulega, það er líka eigingirni, það er þannig að ég sá auðvitað fram á það hérna í nóvember 2007 eða janúar 2008 að ég fór að hafa áhyggjur að þetta allt mundi fara á hausinn, að ég mundi lenda í einhverjum hremmingum sem ég vildi ekkert lenda í, þetta var ekki bara af því að ég vildi passa bankakerfið, þetta var líka eigingirni. Ég gat ekki hugsað mér að

Seðlabankinn sem ég átti að passa, þessi litli seðlabanki – ég átti að passa hann með mínum félögum – að hann mundi lenda í þessum hremmingum, þannig að þetta er ekki bara af því að ég væri svona siðferðilega sterkur eða eitthvað þess háttar...

VÁ: Nei, nei, burtséð frá mótivasjón.

DO: ...þetta var líka þessi eiginleiki eigingirninnar fyrir hönd bankans og kannski fyrir hönd mín sem starfsmanns o.s.frv. Ég m.a.s. velti því fyrir mér hérna í október, nóvember, átti, ég get kallað það, fund með konunni minni og sagði: Er ekki skynsamlegast að ég hætti núna? Ég sé ekki að ég sé að koma þessu inn í hausinn á neinum. Er ekki skynsamlegt fyrir mig að hætta núna?

VÁ: Og hvernig svaraðir þú þeirri spurningu fyrir þér?

DO: Svo svara ég þannig: Ég er að hlaupast frá borði. Ég er að hlaupast frá borði.

VÁ: Það sögðu það eiginlega allir, sko, ég meina forsætisráðherra sagði það, ráðherrar þessara fagráðuneyta sem að, sem brugðust, en – og ég skil þá afstöðu – en er það ekki kannski hluti af þessari siðferðilegu hlutverkaábyrgð sem ég er að nefna að þá ber maður ábyrgð á því að hlutir virki á tiltekinn...

DO: Ég held að forsætisráðherrann hafi ekki sagt þetta fyrir en allt var hrunið.

VÁ: Nei, það er rétt.

DO: Ég er ekki að tala um það, ég er alls ekki að tala um það, þá datt mér ekki í hug að fara því að þá urðu menn bara að reyna að gera sitt besta, en þetta var svona, þegar ég þóttist sjá að bankakerfið mundi ekki standa þetta af sér, ekki nema þá að það kæmi, eins og ég, maður var alltaf að hafa þann fyrirvara að þetta mundi allt saman vera misskilningur og þetta mundi allt saman, markaðirnir opnast og asarnir með gullkisturnar kæmu aftur og allt þetta. Ég velti fyrir mér þegar maður talar fyrir daufum eyrum, á maður bara ekki að fara? Og hérna, þetta, ég hef gert þetta svo sem áður, ég hérna, þegar ég var búinn að vera tíu ár forsætisráðherra þá kallaði ég á nokkra menn og sagði: Bíddu, ég tel mig standa mig ágætlega, af því að ég hef nægilega sjálfumgleði til þess, en ég bara þekki það af sögum að þegar einhver maður er búinn að vera svona lengi, eins og tíu, ellefu ár að hversu góður sem hann er – ég tala nú ekki um hversu góður sem hann þykist vera – að þá er okkur svo auðvelt að segja: Heyrðu jú, jú, það er allt í lagi með kallinn, hann gerir margt ágætlega, en er nú ekki hægt að fara að skipta? Bíddu, ég er farinn að verða „handicapped“. Míni félagar sögðu við mig sko kannski að sumu leyti að sömu atvinnu að þeir töldu hann allir af því að hætta, hann væri svo ern og flinkur. Svo þegar hann var ekki lengur ern og flinkur og þeir vildu að hann hætti að þá harðneitaði karlinn þannig að...

VÁ: Mér fannst athyglisvert að þú segir að það hafi ekki hvarflað að þér að hætta eftir að hrunið varð, vegna þess að – og með því er ég alls ekki að gefa í skyn að þú berir ábyrgð á hruninu umfram annan – en hérna samt hafði orðið hrun þar sem að þín stofnun lék vissulega stórt hlutverk og ráðherrar sem komu að þessu og Fjármálaeftirlit. Er það ekki bara eðlileg viðbrögð í lýðræðisríki, burt séð frá því hvernig maður skynjar sína eigin ábyrgð að ja, víkja?

DO: Nei, það fannst mér ekki, vegna þess að eins og ég segi, ég, Seðlabankinn hafði að sínu leyti staðið við allt sitt, hann hafði staðið við allt sitt og rúmlega það. Þegar að allt hrundi að þá sá hann hér um að kerfið, venjulegt bankakerfi og við – þó að ég kannski hafi ekki tekið mikinn þátt í því – við gerðum þar hluti sem við höfðum engar lagaheimildir til. Við ábyrgðumst öll vísakort allra landsmanna. Engin lagaheimild fyrir því. Hvar sem þeir voru í heiminum. Það skildi enginn það, það hrundu allir bankarnir en það gátu allir borgað með vísakortunum sínum, það var út af því að Seðlabankinn gaf út tilkynningu, sem hann hafði enga heimild til, um það að hann mundi ábyrgjast öll vísakort manna. Eins gott að menn vissu það ekki, því þá hefðu þeir kannski farið að taka út það

sem þeir áttu ekki fyrir. En þetta var dæmi um það að menn réðu við það sem þeir voru að gera, menn réðu við það sem þeir voru að gera. Þannig að mér fannst alveg sjálfsagt og eðlilegt og ég taldi náttúrulega þessa aðför sem síðan var gerð að Seðlabankanum stórkostlega skaðlega, eins og hefur sýnt sig, það var sagt að það yrði að reka Seðlabankastjórana til að, þá mundi gengið fara að styrkjast og endurreisnin hafast, gengið hefur hrúðið og ekki náð sér á strik síðan, sú er staðreyndin, sú er staðreyndin.

VÁ: Hérna, þetta var mjög nátengt því sem Tryggvi var að tala um áðan, þetta með svona kannski, manni virðist eins og athugasemdir þínar, aðvaranir, hafi ekki kannski þótt nægilega trúverðugar vegna ja, þú ert þarna hagvanur heimamaður, eins og þú orðaðir það sjálfur, sem að talar svona óformlega og ert jafnvel talinn vera í einhvers konar útistöðum við einstaklinga í viðskiptalífinu, jafnvel þótt þú hafir aldrei svarað fyrir þig, en þeir hafa verið að beina spjótum að þér og þetta er altalað og þú átt þennan, þessa fortíð, þú átt mótherja og samherja, fyrrverandi undirmenn. Já, þú ert eiginlega búinn að bregðast við þessu, en mér finnst oft eins og þetta hafi, sé hluti af þessu svona, kannski hluti af þessari stærri mynd að menn taka ekki mark á aðvörunum og er hluti af þessari kannski, þessu andvaraleysi að þú sem embættismaður í lykilstöðu, að þínar aðvaranir ná ekki í gegn.

DO: Ég tel að þessar skýringar séu eftiráskýringar þeirra sem að ekki kusu að taka mark á aðvörunum, vegna þess að þeir góðu menn sem með mér fóru, seðlabankastjórnir þeir, höfðu ekkert gert af sér í þrjátíu, fjörutíu ár annað en að vera í Seðlabankanum, vera virtir og góðir menn. Þeir höfðu tvo þriðju af valdi seðlabankastjórans, ég bara einn þriðja. Þeir voru orðnir sannfærðir um það sem þarna fór fram, þannig að ég tel að þessar skýringar – sem sanna ekki neitt í þessum efnum – þetta eru skýringar manna, pólitískar skýringar, sem ekki tóku mark, eftir á. Og svo er þetta svona alls konar spunameistarar sem hafa tekið þátt í þessu. Mér finnst það liggja svo í augum uppi. Þarna komu þessir menn og við rökstuddum þetta ágætlega, þetta var ekki bara tilfinning. Við rökstuddum það og til þess að undirbyggja þetta, þá komum við með fundargerðir, skýrslur um fundi sem við og okkar embættismenn höfðum átt með erlendum aðilum. Við bjuggum til þessa starfshópa og þessa vinnuferla til að gefa þessu fólki sjálfstætt færi á að meta það sjálft, til að spyrja faghóp seðlabankamanna á fundum þar sem ég kæmi hvergi nærri, Ingimundur var þarna, ég var aldrei þarna. Þannig að við gerðum allt, þannig að þetta eru finnst mér, fyrirgefð, billegar eftiráskýringar. Ég skil þær ekki.“

6.3. Niðurstæða

Eins og áður segir hefur Davíð Oddsson, fyrrverandi formaður stjórnar Seðlabanka Íslands, gert athugasemdir við hæfi ónafngreinds „einstaklings, er starfar á vegum nefndarinnar“ eins og segir í bréfi Davíðs til rannsóknarnefndar Alþingis frá 24. febrúar 2010. Miðað við efni þeirra ummæla sem Davíð vísar til virðist þar átt við spurningar sem Vilhjálmur Árnason, formaður vinnuhóps um siðferði, beindi til Davíðs í skýrslutöku 12. ágúst 2009. Samkvæmt 3. mgr. 2. gr. laga nr. 142/2008 um rannsókn á aðdraganda og orsökum falls íslensku bankanna 2008 og tengdra atburða skipaði forsætisnefnd þriggja manna vinnuhóp einstaklinga um þann þátt rannsóknarinnar sem getið er í 3. mgr. 1. gr. Þar er aftur mælt svo fyrir að fara skuli fram rannsókn þar sem lagt verði mat á hvort skýringar á falli íslensku bankanna og tengdum efnahagsáfallum megi að einhverju leyti finna í starfsháttum og siðferði. Vilhjálmur Árnason prófessor er formaður þessa vinnuhóps.

Um sérstakt hæfi nefndarmanna fer eftir sömu reglum og fram koma í 3. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993. Ber nefndarmanni þannig að víkja sæti að því marki sem hann tengist einstaklingi, stofnun eða einkafyrirtæki sem rannsókn nefndarinnar beinist að, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 142/2008. Sömu

hæfisreglur gilda um aðra þá sem vinna á vegum rannsóknarnefndar Alþingis, sbr. 1. mgr. 4. gr. sömu laga.

Í 6. tölul. 1. mgr. 3. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 er kveðið svo á að starfsmaður eða nefndarmaður sé vanhæfur til meðferðar máls ef að öðru leyti eru fyrir hendi þær aðstæður sem eru fallnar til þess að draga óhlutdrægni hans í efa með réttu. Á grundvelli þessa ákvæðis geta starfsmenn og nefndarmenn orðið vanhæfir ef ummæli þeirra eða framkoma þykja bera vott um óvild í garð málsaðila.

Þau ummæli sem Davíð Oddsson telur að eigi að valda vanhæfi tilgreinir hann svo í bréfi sínu til nefndarinnar, en þar segir m.a.:

„Hóf hann spurningar sínar á því að upplýsa mig um að hann teldi mig að minnsta kosti „ekki einan“ bera ábyrgð á bankahruninu. Þá varð hlutaðeigandi maður ítrekað skilinn svo að hann lýsti mikilli furðu á að ég hefði ekki fyrir löngu sagt af mér embætti mínu.“

Eins og áður segir var skýrsla Davíðs Oddssonar hljóðrituð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 8. gr. laga nr. 142/2008. Í útskrift af skýrslutökunni kemur í ljós að þau orð sem Vilhjálmur Árnason prófessor lét falla eru eftirfarandi:

„VÁ: Mér fannst athyglisvert að þú segir að það hafi ekki hvarflað að þér að hætta eftir að hrunið varð, vegna þess að – og með því er ég alls ekki að gefa í skyn að þú berir ábyrgð á hrununu umfram annan – en hérna samt hafði orðið hrun þar sem að þín stofnun lék vissulega stórt hlutverk og ráðherrar sem komu að þessu og Fjármálaeftirlit. Er það ekki bara eðlileg viðbrögð í lýðræðisríki, burtséð frá því hvernig maður skynjar sína eigin ábyrgð að ja, víkja?“

Tilvitnuð ummæli og spurningar, sem lagðar voru fyrir Davíð Oddsson 12. ágúst 2009, lutu m.a. að stjórnslu svo og siðferðilegri hlutverkaábyrgð o.fl. Þessi efni tengjast beint rannsóknarefni starfshópsins um starfshætti og siðferði. Hvorki efni né framsetning framangreindra ummæla Vilhjálms Árnasonar prófessors verða talin veita vísbendingu um óvild hans í garð Davíðs Oddssonar. Verður því ekki talið að hann hafi gert sig vanhæfan með þessum ummælum til þess að fara með afmarkaða þætti í rannsókn nefndarinnar á grundvelli reglna um sérstakt hæfi eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni.

Reykjavík, 10. apríl 2010

Páll Hreinsson

Sigríður Benediktsdóttir

Tryggvi Gunnarsson